




FRS

HAFRANNSÓKNASTOFNUN FJÖLRIT NR. 25



**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
OG UMHVERFISPÆTTIR
1991**

**AFLAHORFUR
FISKVEIÐIÁRIÐ 1991/92**



NYTJASTOFNAR SJÁVAR OG UMHVERFISÞÆTTIR 1991
AFLAHORFUR FISKVEIÐIÁRIÐ 1991/92

*State of Marine Stocks and Environmental Conditions
in Icelandic Waters 1991*

Prospects for the Fishing Year 1991/92

Reykjavík, júlí 1991

Efnisyfirlit Contents

Formáli.....	bls.	v
1. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland (<i>Environmental conditions in Icelandic waters</i>).....	bls.	1
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>).....	bls.	6
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>)	bls.	6
2.2 Ysa (<i>Haddock</i>).....	bls.	13
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>).....	bls.	17
2.4 Karfi (<i>Redfish</i>).....	bls.	22
2.5 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>).....	bls.	25
2.6 Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	bls.	30
2.7 Skarkoli (<i>Plaice</i>)	bls.	30
2.8 Langlúra (<i>Witch</i>).....	bls.	32
2.9 Blálanga (<i>Blue ling</i>).....	bls.	33
2.10 Langa (<i>Ling</i>).....	bls.	34
2.11 Keila (<i>Tusk</i>).....	bls.	34
2.12 Síld (<i>Herring</i>)	bls.	35
2.13 Loðna (<i>Capelin</i>).....	bls.	40
2.14 Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	bls.	44
2.15 Humar (<i>Nephrops</i>)	bls.	47
2.16 Rækja (<i>Shrimp</i>)	bls.	53
2.17 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	bls.	58
2.18 Hvalir (<i>Whales</i>).....	bls.	61
2.19 Selir (<i>Seals</i>)	bls.	69
3. Töflur (<i>Tables</i>)	bls.	71
4. Ágrip (<i>Summary</i>).....	bls.	145
5. <i>English summary</i>	bls.	150

Formáli

Þessi skýrsla um ástand nytjastofna er í aðalatriðum unnin á sama hátt og gert hefur verið á undanförunum árum. Hún skiptist í tvo meginkafla sem fjalla um umhverfispætti og breytingar á þeim annars vegar og ástand nytjastofna hins vegar. Reynt er að gera grein fyrir þróun nytjastofna og aflahorfum fram til áráanna 1993-1994. Ágrip fylgir bæði á íslensku og ensku. Aftast eru tölur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratugina ásamt ítarlegum töflum um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstærð og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnunum. Þá er tafla fyrir hvern stofn er sýnir tölulegar forsendur sem framreikningar byggjast á. Einnig er nú birt yfirlitstafla fyrir hverja tegund er sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar nokkur undanfarin ár, ákvörðun stjórnvalda um leyfilegan hámarksafla og raunverulegan afla hversrar tegundar.

Fremst í skýrslunni er fjallað um ástand sjávar, plöntusvif og átu á árinu 1991 og er það borið saman við fyrri ár. Það voru einkum Jón Ólafsson, Kristinn Guðmundsson, Ólafur S. Ástþórsson, Stefán S. Kristmannsson, Svend-Aage Malmberg, og Þórunn Þórðardóttir sem önnuðust þennan kafla skýrslunnar. Að öðru leyti annaðist sérstök verkefnisstjórn ásamt viðkomandi sérfræðingum úttekt á hinum ýmsu nytjastofnum.

Í verkefnisstjórn Hafrannsóknastofnunar um fiskveiðiráðgjöf eiga sæti Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gunnar Stefánsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Hrafnkell Eiríksson, Ólafur K. Pálsson og Sigfús A. Schopka. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið að skýrslunni: Guðrún Marteinsdóttir (grálúða), Gunnar Jónsson (steinbítur), Jakob Jakobsson (síld), Jakob Magnússon (karfi), Jóhann Sigurjónsson (hvalir), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni, loðna), Unnur Skúladóttir (rækja), Vilhelmina Vilhelmsdóttir (blálanga, langa, keila) og Erlingur Hauksson (selir).

Þá ber að þakka Guðmundi Guðmundssyni tölfræðingi framlag hans við úttekt á þorskstofninum, þar sem stuðst var við útreikning með svokallaðri tímaraðagreiningu.

Í samræmi við ný lög um stjórn fiskveiða miðast ráðgjöf til stjórnvalda við nýtt fiskveiðiár 1. september 1991 - 31. ágúst 1992. Því var reynt að flýta skýrslunni eins og framast var unnt án þess að slaka á kröfum um vönduð vinnubrögð.

Ásta Guðmundsdóttir, Eiríkur Þ. Einarsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Hrafnkell Eiríksson og Ólafur S. Ástþórsson önnuðust uppsetningu og frágang skýrslunnar og lásu yfir texta. Þeim er sérstaklega þakkað fyrir verk sem vinna varð í mikilli tímaþröng.


Reykjavík, 4. júlí 1991

Jakob Jakobsson

1. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland

Árferði í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin allt í kringum landið til athugana á almennu ástandi sjávar, styrk næringarefna, gróðri og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Flókið samspil margra mismunandi umhverfispáttá hefur áhrif á fæðukeðjuna og á vöxt og viðgang nytjastofna á Íslandsmiðum. Rannsóknir undanfarandi ára benda til að hlýsjór á norðurmiðum stuðli oftast að aukinni frumframleiðni og átumagni sem aftur eykur líkur á góðri nýliðun og viðgangi nytjastofna. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland vorið 1991 og um tengslin við fyrri ár.


HITASTIGSFRAVIK Á SIGLUNESSNIÐI



Mynd 1.1. Frávik meðalhitastigs í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1991 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1.1. Deviations 1952-1991 from 1961-1980 mean in temperature at Siglunes section.

SELTUFRÁVIK Á SIGLUNESSNIÐI




Mynd 1.2. Frávik meðalseltu í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1991 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1.2. Deviations 1952-1991 from 1961-1980 mean in salinity at Siglunes section.

Sem kunnugt er einkenndist árferðið í sjónum við Ísland á árunum 1981-1983, einkum norðanlands, af svokölluðum svalsjó, og gætti neikvæðra áhrifa hans á nytjastofna (myndir 1.1 og 1.2). Síðan tóku við ár með betra árferði, 1984-1987, og innstreymi hlýsjávar á norðurmið nær óslitið allan ársins hring. Veturinn og vorið 1988 varð svo lát á innstreyminu og pól- og svalsjávar gætti á norðurmiðum. Þetta ástand hélst síðan allt árið 1989 og fram á haust 1990. Þá varð aftur vart við innstreymi hlýsjávar á norðurmið sem var enn fyrir hendi í febrúar 1991.


Helstu niðurstöður vorleiðangurs 1991 voru þessar:

Fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum var selturíkur hlýsjórinn vel í meðallagi heitur (5-7°, myndir 1.3 og 1.4). Í Faxaflóa og næst landi við Látrabjarg og Kögur var mikill gróður og mikið gengið á næringarefni í yfirborðslögum. Utar var styrkur næringarefna ennþá hár enda lítill gróður kominn og lítið um átu (myndir 1.5 og 1.6).




Mynd 1.3. Hitastig í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorið 1991.

Fig. 1.3. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1991.




Mynd 1.4. Selta á 50 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1991.

Fig. 1.4. Salinity at 50 m in Icelandic waters in spring 1991.



Mynd 1.5. Blaðgræna ($mg\ m^{-3}$) á 10 m dýpi í sjónum vorið 1991.

Fig. 1.5. Chlorophyll a ($mg\ m^{-3}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1991.



Mynd 1.6. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum vorið 1991.

Fig. 1.6. Zooplankton distribution ($ml/21\ m^3$, Hensen net 50-0 m) in Icelandic waters in spring 1991.


Hlýsjávar gætti fyrir Norðurlandi austur fyrir Siglunes ($3-5^\circ$) og kaldi sjórinn var langt undan landi. Gróður var þar mikill, (myndir 1.5 og 1.7). og átumagn með mesta móti miðað við undanfarin ár (myndir 1.6 og 1.8).

Í kalda Austur-Íslandsstráumnum djúpt norðaustur af landinu var hiti og selta tiltölulega há, átumagn að venju hátt en gróður lítill.

Fyrir Austfjörðum var hitastig einnig tiltölulega hátt ($2-4^\circ$), gróður var yfirleitt mikill og átumagn í meðallagi. Djúpt út af Austfjörðum gætti hlýsjávar ekki að þessu sinni heldur voru skilin milli hans og kaldsjávar á þessum slóðum sunnar en oft áður.

Í hlýja sjónum við suðurströndina var hitastig $6-8^\circ$, þar var gróður mikill á suðaustur-og austurhluta svæðisins en lítill á Selvogsbanka, enda vorhámark um garð gengið. Sunnanlands var átumagn yfir meðallagi. Fyrir Vesturlandi voru ferskvatnsáhrif frá landi töluverð (mynd 1.9).


SIGLUNES



Mynd 1.7. Meðalfrumframleiðni plöntusvífs á 10 m dýpi norðan Sigluness vorin 1958-1991.

Fig. 1.7. Mean primary production (mg C m⁻³ h⁻¹) at 10 m at Siglunes section in spring 1958-1991.

SIGLUNES




Mynd 1.8. Breytingar á átumagni í sjónum norðan Sigluness vorin 1958-1991.

Fig. 1.8. Variations in zooplankton density (ml/21m³, Hensen net 50-0 m) at Siglunes section in spring 1958-1991.

Í heild sýna niðurstöður vorleiðangurs 1991 gott ástand sjávar og lífríkis á Íslandsmiðum. Útbreiðsla hlýsjávar var mun meiri á norðurmiðum en á árunum 1988-1990, en þá ríkti þar kaldur pólsjór og svalsjór. Í vor var átumagn yfir meðallagi fyrir Norðurlandi og þar virtist voraukning átunnar fylgja vorkomu gróðurs. Eins og sagði í upphafi þá ríkti árin 1984-1987 góðæri á miðunum með innstreymi hlýsjávar á norðurmið og er vorið 1991 hliðstætt því sem þá var.

LÁTRASNIÐ, STÖÐVAR 2+3



Mynd 1.9. Styrkur strandstraums vorin 1956-1991, metinn sem þykkt ferskvatns á tveim stöðum vestur af Látrabjargi.

Fig. 1.9. Equivalent freshwater thickness, in spring 1956-1991 at two stations on Látrasection west of Iceland.


Umhverfisaðstæður í sjónum eru sýndar í töflu 3.1.

2. Ástand nytjastofna

2.1 Þorskur

2.1.1 Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1991

Á árinu 1990 var þorskaflinn 335 þús. tonn en var 356 þús. tonn 1989. Þorskaflinn á tímabilinu janúar til maí 1991 var 147 þús. tonn en 166 þús. tonn sömu mánuði 1990. Afli bátaflotans minnkaði úr 104 þús. tonnum á tímabilinu janúar til maí 1990 í 100 þús. tonn sömu mánuði 1991 og togaraafli minnkaði úr 62 þús. tonnum 1990 í 48 þús. tonn 1991 samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands bæði árin. Þorskaflí og veiðidánartölur á tímabilinu 1963 til 1991 eru sýndar á mynd 2.1.1 og aflinn allt frá 1905 í töflu 3.1.1.




Mynd 2.1.1. ÞORSKUR. Heildaraflí árin 1963-1991 og meðalveiðidánartala 5-10 ára þorsks sama tímabil.

Fig. 2.1.1 COD. Total landings 1963-1991 (upper line) and mean F_{5-10} during the same period.

Uppistaða aflans á vetrarvertíð suðvestanlands var 6-8 ára þorskur. Hlutdeild 7 ára þorsks (árg. 1984) var mest, 43% af fjölda og þyngd. Næst algengastur í vertíðaraflanum var 6 ára þorskur (árg. 1985), 21% miðað við fjölda og um 18% miðað við þyngd. Hlutdeild 5 og 8 ára þorsks var 9% og 14% miðað við fjölda. Hluttur 9 ára og eldri fisks var sáralítill eða rúm 4% af fjölda samtals.

Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á norðvestur-, norður- og austurmiðum byggðist veiðin fyrstu 5 mánuði ársins 1991 á 4-7 ára þorski og var hlutdeild 7 ára þorsks mest, bæði í fjölda (39%) og þyngd (44%) eins og á vertíðarsvæðinu.


Búist er við að aflinn 1991 verði um 315 þús. tonn. Er þá gert ráð fyrir hertum veiðitakmörkunum, lélegri nýliðun undanfarinna ára og svipaðri Grænlandsgöngu og árið 1990. Áætlað er að aflinn skiptist eftir aldri (%) eins og sýnt er á mynd 2.1.2. Þar kemur fram að langmest mun veiðast af 7 ára fiski (árg. 1984) sem mun verða um þriðjungur af aflanum. Ennfremur er gert ráð fyrir að hlutdeild 4-6 ára fisks verði nokkuð jöfn, eða um 20%. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í júlí 1990. Skipting þorskaflans eftir aldri á árunum 1971-1991 er sýnd í töflu 3.1.4.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR. Hlutfallsleg aldersdreifing landaðs afla árið 1991.

Fig. 2.1.2. COD. Percentage age distribution of the 1991 landings.

Eins og fram kemur á mynd 2.1.3 er sókn í þorskstofninn nú töluvert umfram hámarksnýtingu. veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar í töflu 3.1.6.



Mynd 2.1.3 ÞORSKUR. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.1.3 COD. Yield per 3 year old recruit.

2.1.2 Vöxtur og kynþroski

Meðalþyngd eftir í aldri í lönduðum afla af 4-6 ára þorski hefur farið minnkandi á undanförunum árum, eða um 15% frá 1986 til 1990. Gögn úr afla fyrstu 5 mánuði ársins 1991 benda þó til þess að meðalþyngd þessara aldersflokka verði 5-18% meiri 1991 en hún var 1990. Meðalþyngd 1984 árgangsins (6 ára 1990 og 7 ára 1991) ræðst að verulegu leyti af Grænlandsþorski, sem hefur vaxið hægt. Þess vegna er reiknað með að meðalþyngd 7 ára


þorsks verði aðeins um 3,8 kg árið 1991.

Kynþroskahlutfall eftir aldri á árunum 1983-1989 var endurmetið til samræmis við eldri gögn og eru niðurstöður mjög áþekkar fyrra mati. Kynþroskahlutfall 1990 er svipað og undanfarin ár og í framreikningum er notað meðaltal árunna 1987-1989 (sjá töflu 3.1.7). Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýndur í töflum 3.1.2 og 3.1.3.

2.1.3 Nýliðun

Nýliðun uppvaxandi þorskárganga er metin með þremur mismunandi aðferðum. Svonefnd VP greining (aldurs-afla aðferð) gefur nokkra vísbendingu um árgangastyrk fjögurra ára fiska en litlar sem engar upplýsingar um yngri fisk. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum og fyrri nýliðunarrannsóknir gefa helstu vísbendingar um stærð uppvaxandi árganga. Ennfremur hafa upplýsingar úr aflaskýrslum togara fyrir árabilið 1974-1990 verið notaðar til að meta stærð árganga við fjögurra ára aldur. Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1986 til 1989 eru þessar:

- Árgangur 1986 er metinn aðeins 103 milljónir þriggja ára nýliða. Þessi árgangur virðist því sá allra rýrasti sem um getur síðustu fjóra áratugina.
- Árgangur 1987 er talinn vera um 150 milljónir og 1988 árgangurinn um 125 milljónir nýliða. Þessir árgangar virðast því sambærilegir við árgangana frá 1981 og 1982, en þeir eru með þeim lökustu sem fram hafa komið.
- Árgangur 1989 er einnig lélegur. Rannsóknir benda til að hann sé um 160 milljónir nýliða eða mun minni en meðalárgangur.
- Árgangur 1990 virðist mjög lélegur. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að hann sé svipaður að stærð og árgangar 1987 og 1988, eða um 130 milljónir nýliða.



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Stærð þorskárganganna 1960-1990. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.4. COD. Year classes 1960-1990 at age 3 (in millions).

Ljóst er að mikil umskipti hafa orðið í nýliðun þorsks síðustu árin, frá tveimur sterkum árgöngum 1983 og 1984 yfir í fimm mjög rýra árganga 1986 til 1990. Á árunum 1957 til 1960


voru fjórir lélegir þorskárgangar, um 140 til 190 milljónir nýliða, og leiddi það til ört minnkandi þorskgengdar á fyrri hluta 7. áratugarins. Fimm lélegir árgangar í röð, árgangar frá 1986-1990 (130 til 160 milljónir nýliða), sem nú blasa við er einsdæmi síðustu fjóra áratugina. Stærð þorskstofnsins á næstu árum mun óhjákvæmilega mótast að miklu leyti af þessari lélegu nýliðun. Fjöldi þriggja ára nýliða frá 1960 er sýndur á mynd 2.1.4.

2.1.4 Ástand stofnsins

Í síðustu skýrslu var gert ráð fyrir að um 28 milljónir þorska af árgangi 1984, gengju frá Grænlandi árið 1991 7 ára gamlir og um 24 milljónir 1992, þá 8 ára fiskur. Til þess að ákvarða stærð göngunnar var aðallega stuðst við reynslu um þorskgöngur frá Grænlandi úr árgöngunum frá 1963 og 1973. Þessir árgangar gengu í ríkum mæli til Íslands á árunum 1970-71 og 1980-81 sem 7 og 8 ára fiskur. Árgangur 1984 virðist hins vegar ganga ári fyrr og kom á Íslandsmið sem 6 og 7 ára fiskur.

Afli 6 ára þorsks árið 1990 var áætlaður um 33 milljónir fiska í síðustu skýrslu og var þá ekki gert ráð fyrir göngu frá Grænlandi. Afli 6 ára þorsks reyndist hins vegar 44 milljónir fiska, sem bendir til um 27 millj. fiska göngu frá Grænlandi þegar á árinu 1990, þegar tekið hefur verið tillit til náttúrulegra dauðsfalla og veiðanna. Endurheimt þorskmerki frá Grænlandi árið 1990 og á tímabilinu janúar-maí 1991, ásamt fjölda 7 ára þorsks sem veiddist fyrstu fimm mánuði ársins 1991, benda til svipaðrar göngu bæði árin. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir frekari göngum á árinu 1992 þar sem mjög lítið er nú um þorsk við Grænland.

Grænlandsgangan virðist því vera af svipaðri stærð í fjölda fiska og áætlað hafði verið. Hins vegar hefur grænlandsþorskurinn gengið hingað einu ári fyrr en gert var ráð fyrir og er því mun léttari. Veiðistofn í ársbyrjun 1991 er nú talinn hafa verið 940 þús. tonn og hrygningarstofn 430 þús. tonn (mynd 2.1.5). Þetta er mjög svipað og gert var ráð fyrir í síðustu úttekt. Stofnstærð í ársbyrjun 1992 er hins vegar talin verða um 210 þús. tonnum minni nú en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu þar sem grænlandsgangan kom ári fyrr en áætlað var. Stærð þorskstofnsins miðað við fjölda eftir aldri og þyngd veiði- og hrygningarstofnsins á árunum 1972-1991 er sýnd í töflu 3.1.5.



Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1963-1991 í þúsundum tonna.

Fig. 2.1.5. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1963-1991 (thousand tonnes).

Til að meta stærð þorsstofnsins var notuð endurbætt aldurs-afla aðferð og tímaraðgreining. Með þessum aðferðum er hægt að nota vísitölur um stærð einstakra aldursflokka sem fást úr stofnmælingaleiðöngurum og togaraskýrslum til að meta fiskveiðidánarstuðla á árinu 1991. Í báðum tilfellum bentu niðurstöður til þess að að Grænlandsganga hefði komið fram í afla 1990 og var tekið tillit til þess. Í báðum tilvikum kom einnig fram að fiskveiðidánarstuðull á eldri fiski hefði verið nokkuð jafn árin 1989-1991. Hins vegar var nokkur munur á fiskveiðidánarstuðlum eftir því hvor aðferðin var notuð. Tímaraðgreining gefur til kynna að fiskveiðidánarstuðlar séu nokkru hærri en fram kemur í þessari skýrslu og stofninn þess vegna minni. Mismunur á niðurstöðum þessara tveggja aðferða er þó innan tölfræðilegra öryggismarka.

2.1.5 Horfur og tillögur um hámarksafla 1992 og 1993

Tafla 2.1.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda og þorskafla síðan 1984. Reiknað er með að á árinu 1991 verði þorskaflinn 315 þús. tonn. Veiðstofn í ársbyrjun 1992 verður þá 850 þús. tonn og hrygningarstofn um 410 þús. tonn. Spá um aldursdreifingu þorskaflans 1992 er sýnd í mynd 2.1.7.

Meðalþyngd 4-8 ára þorsks eftir aldri árin 1992-1994 er metin með hliðsjón af þyngdarbreytingu hvers aldursflokks frá ári til árs á árunum 1981-1989. Meðalþyngd þriggja og 9-14 ára þorsks og kynþroski eftir aldri miðast við meðaltöl árána 1987-1989.

TAFLA 2.1.1
Þorskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
skv. reglugerðum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Cod. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and
landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	200	200	300	300	300	300	250	240 ¹
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	242 ²	263 ²	300 ²	330 ²	350	325	300	245 ¹
Aflamark Færeyinga - <i>Quota (Faroes)</i>	2	2	2	2	2	2	2	1.5
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	281	323	366	390	376	354	333	-
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	2	3	3	2	2	2	2	-
Afli alls - <i>Total landings</i>	283	326	369	392	378	356	335	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. (*January-August 1991*).

2) Ekki var í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984-1987 áætlað fyrir umframafla vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. (*Quota regulations for demersal species during the years 1984-1987 did not provide for extra catches, especially due to effort quota and other flexibilities in the system*).

Eins og fram kemur í kafla 2.1.3 um nýliðun í þorsstofninn er gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1986-1990 séu allir mjög lélegir, sérstaklega 1986 árgangurinn sem talinn er aðeins 103 milljónir þriggja ára fiska.

Miðað við þessar forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorsstofnsins eins og fram kemur í töflu 2.1.2 og mynd 2.1.6.

Ef veidd verða 300 þús. tonn árin 1992 og 1993 mun veiðstofn fara verulega minnkandi, úr 850 þús. tonnum í ársbyrjun 1992 í um 730 þús. tonn í ársbyrjun 1994, og hrygningarstofn minnka um 130 þús. tonn í um 300 þús. tonn 1994. Veiðidánarstuðlar munu hækka verulega.

Verði aflinn 1992 og 1993 takmarkaður við 250 þús. tonn mun veiðistofn standa nánast í stað næstu tvö árin en hrygningarstofn minnka lítilsháttar.


Við 200 þús. tonna afla 1992 og 1993 mun veiðistofn vaxa um 120 þús. tonn á næstu tveimur árum og verða um 970 þús. tonn í ársbyrjun 1994. Hrygningarstofn mun einnig fara vaxandi.

TAFLA 2.1.2
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð þorsstofnsins
(þús. tonn) árin 1993-1994.

Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1993-1994 for different management strategies.

1991					1992			1993			1994	
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Catch	Veiðiráðgjöf 1992-1993 Aflahámark TAC	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn
Stock 4+	Spawning stock				Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
940	430	0,62	315	200	850	410	0,38	930	430	0,36	970	460
				250			0,50	870	390	0,51	850	380
				300			0,63	820	350	0,73	730	300

1) F = Veiðidánartala (5-10 ára þorsks). (F = Fishing mortality of age groups 5-10.)




Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Stærð þorsstofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1993-1994.

Fig. 2.1.6. COD. Stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock and spawning stock biomass in 1993-1994 for different management strategies.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að þorskafli á næsta fiskveiðiári (1991/92) fari ekki yfir 250 þús. tonn. Við núverandi aðstæður er miklum vandkvæðum bundið að byggja upp stofninn, en verði einhver bati á nýliðun, vöxtur aukist eða þorskur gangi í ríkara mæli frá Grænlandi en hér er gert ráð fyrir, er nauðsynlegt að hafa í huga að stofninn er nú í lágmarki. Einnig er rétt að benda á að töluverð óvissa ríkir enn um stærð göngunnar frá Grænlandi og er því rétt að endurmeta stærð stofnsins í ársbyrjun 1992 með tilliti til gangs veiða og aflsamsetningar á yfirstandandi ári.

Á undanförunum árum hefur sókn í þorskstofninn verið alltof hörð. Þrátt fyrir ítrekaðar ráðleggingar Hafrannsóknastofnunar um að dregið verði úr sókn (Hafrannsóknastofnun. Fjölrit nr. 11, 14, 19 og 21), hefur ekki tekist að byggja upp þorskstofninn þannig að fleiri árgangar verði í veiðistofni og hrygningarstofni vaxi. Um 35-40 % af veiðistofni (fjögurra ára þorskur og eldri) hafa verið veidd árlega. Þetta hefur leitt til þess að veiðar hafa byggst að verulegu leyti á nýliðun og hrygningarstofni hefur verið í lágmarki undanfarinn áratug.



Mynd 2.1.7. ÞORSKUR.
Spá um aldursdreifingu í
aflnum (%) 1992.

Fig. 2.1.7. COD. Prognosis
of percentage age distribution
of the 1992 catch.

Nú eru fimm lélegir árgangar (að meðaltali aðeins um 130 milljónir þriggja ára fiska) að koma eða komnir inn í veiðistofninn. Hver nýliði gefur af sér um 1.7 kg miðað við núverandi sóknarmynstur (mynd 2.1.3) og er sýnilegt að afli næstu árin getur vart orðið meiri en 200 - 250 þús. tonn eigi ekki að ganga verulega á stofninn.

2.1.6 Viðmiðunarmörk í þorskveiðum

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1992, árgangur 1988, er talinn mjög lakur eða um 130 millj. þriggja ára nýliða. Í aldursdreifingu aflans á árinu 1992 (miðað við 7 ára fisk og yngri) er gert ráð fyrir að um 23% landaðs afla (fjöldi fiska) verði af þessum árgangi og rúm 7% af árgangi 1989. Ennfremur er gert ráð fyrir að um 3% fiska undir viðmiðunar lengd verði 5 ára.

Lengdarmörk viðmiðunarárgangs, eins og þau verða á miðju ári 1992, eru reiknuð út frá vexti hans 1989-1991. Reiknuð lengdarmörk árgangs 1988 verða rúmlega 59 cm á miðju ári 1992. Helmingur fiska af þessari stærð tilheyrir þá árgangi 1988 en hinn helmingurinn eldri árgöngum.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 cm og þykir eðlilegt að svo verði áfram. Til mótvægis við lækkun frá reiknuðum lengdarmörkum er þó óhjákvæmilegt að lækka jafnframt hlutfallsmörk í sem næst sama hlutfalli.


Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1992 verði 25% undir 55 cm og gildi þau allt árið.

Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 cm er hærra en 25% í mælingum veiðieftirlitsmanna.

2.2 Ysa

2.2.1 Afli og sókn 1990 og 1991

Ysuafllinn á árinu 1990 varð 67 þús. tonn eða um 7 þús. tonnum meiri en lagt hafði verið til sem hámarksafli. Ysuafllinn og veiðidánartölur á árunum 1969-1991 er sýndur á mynd 2.2.1 og afllinn allt frá árinu 1950 í töflu 3.2.1.



Mynd 2.2.1. YSA.
Heildarafli árin 1969-1991
og meðalveiðidánartala 4-7
ára ýsu sama tímabil.


Fig. 2.2.1. HADDOCK.
Total landings 1969-1991
(upper line) and mean F_{4-7}
during the same period.

Á árinu 1990 var afli togara á sóknareiningu um 10% minni en árið 1989, sem varð til þess að ýsuafli togara á árinu 1990 minnkaði. Ýsuafli báta jókst hins vegar mjög á árinu 1990 enda liggur aukinn ýsuafli allur hjá bátaflotanum. Liðlega annar hver fiskur (59%) í veiðinni 1990 var 5 ára ýsa úr árganginum frá 1985, að meðaltali aðeins 1,6 kg að þyngd. Skipting ýsuafllans í fjölda eftir aldri á árunum 1971-1991 er sýnd í töflu 3.2.4 og veiðidánartölur í töflu 3.2.6. Fyrstu 5 mánuði ársins 1991 var ýsuafli 20% minni en á sama tíma árið áður.

2.2.2 Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur


Veiðistofninn, sem nú er miðaður við þriggja ára fisk og eldri, er talinn hafa verið 145 þús. tonn og hrygningarstofninn 90 þús. tonn í ársbyrjun 1991 (mynd 2.2.2). Í fyrri úttekt voru hliðstæðar tölur 180 og 95 þús. tonn. Veiðistofn var áður miðaður við fjögurra ára fisk og eldri, og er ný viðmiðun til komin vegna þess að aldurssamsetning stofnsins er með þeim hætti að á næstu tveimur árum a.m.k. mun þriggja ára ýsa óhjákvæmilega verða töluverður hluti aflans.

Tveir stórir árgangar eru nú í uppvexti og minna orðið um eldri fisk. Stærð ýsustofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiði- og hrygningarstofnsins á árunum 1971-1991 er sýnd í töflu 3.2.5.



Mynd 2.2.2. YSA. Stærð veiðistofns (3 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1991.

Fig. 2.2.2. HADDOCK. Fishable stock (3+) and spawning stock biomass during the period 1969-1991 (thousand tonnes).




Mynd 2.2.3. YSA. Hlutfallsleg aldursdreifing landaðs afla 1991.

Fig. 2.2.3. HADDOCK. Percentage age distribution of the 1991 landings.


Stóri árgangurinn frá 1985, er uppistaðan í ýsustofninum og aflanum (mynd 2.2.3, töflur 3.2.4 og 3.2.5). Þegar þessi árgangur og árgangur 1984 fóru að koma inn í veiðina virtist stærð þeirra hafa verið ofmetin samkvæmt fyrstu upplýsingum um nýliðun. En nú bregður svo við að þeir skila sér betur í veiðinni og mælast því stærri, sérstaklega 1985 árgangurinn. Hann er nú talinn vera 153 milljónir tveggja ára fiska og 1984 árgangurinn 88 milljónir (mynd 2.2.4). Í síðustu skýrslu var stærð þessara árganga metin 137 og 84 milljónir. Árgangarnir frá 1986 til

1988 eru allir taldir mun minni en meðalárgangur. Samkvæmt nýliðunarránnsóknnum virðast árgangarnir frá 1989 og 1990 hins vegar mjög stórir, eða um 110 milljónir tveggja ára fiska hvor um sig. Sá fyrrnefndi var metinn 100 milljónir 1990 samkvæmt gögnum úr stofnmælingu botnfiska og hliðstæð gögn frá 1991 renna frekari stoðum undir það að á ferðinni sé stór ýsuárgangur. Stærð meðalýsuárgangs, miðað við meðaltal árána 1971-1987, er um 60 milljónir tveggja ára fiska.



Mynd 2.2.4. YSA. Stærð ýsuárganganna 1969-1990. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.2.4. HADDOCK. Year classes 1969-1990 at age 2 (in millions).



Mynd 2.2.5. YSA. Spá um aldursdreifingu í aflanum 1992.

Fig. 2.2.5. HADDOCK. Prognosis of percentage age distribution of the 1992 catch.

Meðalþyngd eftir aldri í lönduðum afla árið 1990 var töluvert minni en árin á undan á fiski yngri en 7 ára en svipuð á eldri fiski. Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur farið minnkandi síðan 1987. Nú benda gögn úr stofnmælingu botnfiska til þess að lágmarki sé náð í meðalþyngd eftir aldri og að vaxtarskilyrði ýsunnar fari batnandi. Þar sem meðalþyngd er uppsafnaður vöxtur undanfarinna ára er þó gert ráð fyrir að meðalþyngd ýsu eftir aldri verði áfram í lægri kantinum, a.m.k. næstu tvö árin.

TAFLA 2.2.1

Ysa. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark skv. reglugerðum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Haddock. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - Recommended TAC	55	45	50	50	60	60	60	38
Heildaraflamark - National TAC	60	60	60	60	65	65	65	48
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	47	49	47	40	53	62	66	-
Afli annarra þjóða - Landings (others)	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	48	51	48	41	54	63	67	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. (January-August 1991).

Meðalþyngd ýsu fyrir árið 1991 er fengin með því að nota meðalvöxt hvers aldursflokks s.l. fjögur ár. Meðalþyngd fyrir árið 1992 er miðuð við meðalvöxt árána 1987 til 1991. Í framreikningi fyrir árin 1993 og 1994 er notuð meðalþyngd árána 1988 til 1990 (töflur 3.2.2 og 3.2.7). Kynþroski eftir aldri árið 1990 er mjög svipaður og 1989 en undanfarin ár hefur ýsan orðið kynþroska nokkru yngri en venjulega. Kynþroskahlutfall eftir aldri frá 1988-1990 er notað við útreikning á stærð hrygningarstofns fyrir árið 1991 og einnig við hliðstæðan framreikning fyrir árin 1992-1994 (töflur 3.2.3 og 3.2.7).

2.2.3 Tillögur um hámarksafla 1992

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda og ýsuafli síðan árið 1984.

TAFLA 2.2.2


Ysa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1993-1994.

Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1993-1994 for different management strategies.

1991				1992				1993			1994	
Stofn 3+	Hrygn.-stofn	Afli	Veiðiráðgjöf 1992-1993	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	
Stock 3+	Spawning stock	Catch	Aflahám. TAC	Stock 3+	Spawning stock	F ¹	Stock 3+	Spawning stock	F ¹	Stock 3+	Spawning stock	
145	90	0,53	50	40	185	85	0,47	240	105	0,35	275	140
			50				0,63	225	100	0,51	250	120
			60				0,81	215	90	0,73	225	100

1) F = Veiðidánartala (4-7 ára ýsu). (F = Fishing mortality of age groups 4-7.)

Framreikningar á stærð ýsustofnsins (tafla 2.2.2) eru byggðir á því að afli 1991 verði 50 þús. tonn eins og lagt var til og áður nefndum forsendum um árgangastærð, þyngd og nýliðun.



Mynd 2.2.6. YSA. Stærð ýsustofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1993-1994.

Fig. 2.2.6. HADDOCK. Stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock and spawning stock biomass in 1993-1994 for different management strategies.

Veidistofn ýsu er nú frekar lítil. Enda þótt spáð sé vaxandi ýsugengd á árinu 1992 er það eingöngu vegna þriggja ára fisks sem enn er lítið farinn að veiðast (mynd 2.2.5). Hins vegar verður stofn fjögurra ára fisks og eldri (þ.e. veidistofn skv. síðustu skýrslu) um 20% minni í ársbyrjun 1992 heldur en í ársbyrjun 1991.

Aðeins einn stór árgangur (frá 1985) er megin uppistaðan í eldri hluta stofnsins. Þessi árgangur fer nú senn að hverfa úr veiðinni og á eftir honum koma þrír fremur lélegir árgangar. Hrygningarstofninn verður því áfram í lágmarki 1992 og 1993 en mun svo stækka mikið 1994. Veidistofninn mun einnig halda áfram að vaxa ef niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska um stærð árganganna frá 1989 og 1990 reynast réttar (mynd 2.2.6).

Þar sem stór hluti veidistofnsins 1992 mun verða þriggja ára ýsa af árgangi 1989 er ekki skynsamlegt að sækja stíft í hana, en sama sókn og 1991 mundi aðeins gefa um 45 þús. tonn í afla 1992. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að aflahámark á næsta fiskveiðiári (1991/92) fari ekki yfir 50 þús. tonn. Hins vegar bendir allt til þess að auka megi ýsuaflann í 60 til 70 þús. tonn á ári 1993 og 1994.


2.3 Ufsi

2.3.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1990

Ufsaafllinn árið 1990 var tæp 98 þús. tonn en var rúmlega 82 þús. tonn árið 1989 (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1). Afli togara á sóknareiningu var 8% meiri 1991 en árið á undan.

Ufsaafli togara byggðist að fjórum fimmtu hlutum á 5-7 ára fiski og var hlutdeild árgangsins frá 1984 mest eða 37% af fjölda. Afli netabáta byggðist mest á eldri ufsa, 7-9 ára gömlum. Í netaflanum var 7 og 8 ára ufsi algengastur með 28% og 26% hlutdeild miðað við fjölda. Skipting ufsaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1971-1990 er sýnd í töflu 3.3.4 og veiðidánartölur í töflu 3.3.6.

Ufsaafliinn á tímabilinu janúar til maí 1991 var 40 þús. tonn miðað við 37 þús. tonn 1990. Áætluð aldursskipting í aflanum árið 1991 er sýnd á mynd. 2.3.2.




Mynd 2.3.1. UFSI. Heildarafli árin 1965-1991 og meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa sama tímabil.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total landings 1965-1991 (upper line) and mean F_{4-9} during the same period.

2.3.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Eins og fram hefur komið áður í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framreikningum á stærð ufsastofnsins hefur því venjulega verið miðað við meðalnýliðun.




Mynd 2.3.2 UFSI. Hlutfallsleg aldursskipting landaðs afla 1991.

Fig. 2.3.2 SAITHE. Percentage age distribution of the 1991 landings.


Í þessari úttekt, sem byggist á aldur-afla aðferðinni, er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 1991 hafi stofninn verið um 50 þús. tonnum minni en fram kom í síðustu skýrslu. Miðað við

núverandi forsendur var veiðistofn (fjögurra ára og eldri ufsi) áætlaður 300 þús. tonn í upphafi árs 1991 (mynd 2.3.3) en í síðustu úttekt var veiðistofninn áætlaður 350 þús. tonn. Aðalmunurinn liggur í mati á stærð 1986 árgangsins (mynd 2.3.4), en í síðustu úttekt var gert ráð fyrir að árgangurinn væri af meðalstærð. Hins vegar bendir allt til þess að þessi árgangur sé lélegur eða álíka stór og löku árgangarnir frá 1978 og 1979. Nú er stærð hrygningarstofnsins metinn 20 þús. tonnum meiri en í síðustu úttekt. Sé gert ráð fyrir að árið 1991 veiðist 90 þús. tonn af ufsa er áætlað að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1992 verði 280 þús. tonn og hrygningarstofn 170 þús. tonn.



Mynd 2.3.3 UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968-1991 í þúsundum tonna.

Fig. 2.3.3 SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1968-1991 (thousand tonnes).



Mynd 2.3.4 UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1990. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.4 SAITHE. Year classes 1965-1990 at age 3 (in millions).

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns og hrygningarstofns á árunum 1971-1991 er sýnd í töflu 3.3.5. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri árin 1971-1991 eru sýnd í töflum 3.3.2 og 3.3.3.

2.3.3 Tillögur um hámarksafli 1992

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvörðun stjórnvalda og ufsaafli síðan árið 1984.

TAFLA 2.3.1
Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark
skv. reglugerðum stjórnvalda og afli.
Saithe. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC
and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	65	60	60	65	75	80	90	65 ¹
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	70	70	70	70	80	80	90	65 ¹
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	61	55	64	78	74	80	95	-
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	2	2	2	2	3	2	3	-
Afli alls - <i>Total landings</i>	63	57	66	80	77	82	98	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. (*January-August 1991*).


Í framreikningunum á stofnstærð sem sýndir eru í töflu 2.3.2 og á mynd 2.3.5 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1987-1990) séu nokkuð undir meðalstærð eða 40 milljónir þriggja ára nýliða (mynd 2.3.4). Kynþroski eftir aldri árin 1991-1993 er áætlaður sá sami og meðaltal árána 1985-1987. Meðalþyngd sem notuð er í framreikningum er byggð á meðaltali árána 1988-1990 (tafla 3.3.7). Spá um aldursskiptingu aflans árið 1992 er sýnd á mynd 2.3.6.

TAFLA 2.3.2
Ufsi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn) 1993-1994.
Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in
1993-1994 for different management strategies .

1991					1992			1993			1994	
Stofn 4 ⁺	Hrygn.- stofn	<i>F¹</i>	Afli	Veiðiráðgjöf 1992-1993 Aflahám. <i>TAC</i>	Stofn 4 ⁺	Hrygn.- stofn	<i>F¹</i>	Stofn 4 ⁺	Hrygn.- stofn	<i>F¹</i>	Stofn 4 ⁺	Hrygn.- stofn
<i>Stock</i>	<i>Spawning</i>		<i>Catch</i>		<i>Stock</i>	<i>Spawning</i>		<i>Stock</i>	<i>Spawning</i>		<i>Stock</i>	<i>Spawning</i>
4 ⁺	<i>stock</i>			<i>TAC</i>	4 ⁺	<i>stock</i>		4 ⁺	<i>stock</i>		4 ⁺	<i>stock</i>
300	190	0,42	90	60	280	170	0,30	290	170	0,30	290	170
				70			0,36	275	160	0,39	270	150
				80			0,43	260	150	0,49	250	140

1) *F* = Veiðidánartala (4-9 ára ufsa). *F* = *Fishing mortality of age groups 4-9*.

Hámarksafurkastur ufsa er að meðaltali nálægt 85 þús. tonnum. Nú er mjög lélegur árgangur frá árinu 1986 að bætast í veiðistofninn sem samanstendur að öðru leyti af árgöngum sem einnig eru undir meðallagi. Því er ljóst að draga þarf allnokkuð úr veiðum á næstunni vegna minnkandi stærðar stofnsins.




Mynd 2.3.5 UFSI. Stærð ufsastofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1993-1994.

Fig. 2.3.5 SAITHE. Stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock and spawning stock biomass in 1993-1994 for different management strategies.


Við 80 þús. tonna afla mun veiðistofn minnka úr 280 þús. tonn um árið 1992 í 250 þús. tonn árið 1994. Við 70 þús. tonna veiði minnkar veiðistofninn óverulega (10 þús. tonn) en við 60 þús. tonna veiði mun stofninn vaxa eilítið (10 þús. tonn) næstu tvö árin.

Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að dregið verði úr sókn í ufsastofninn og aflahámark á fiskveiðiárinu 1991/92 fari ekki yfir 70 þús. tonn.



Mynd 2.3.6. UFSI. Spá um aldrisdreifingu í aflanum 1992.

Fig. 2.3.6. SAITHE. Prognosis of age distribution of the 1992 catch.



Mynd 2.3.7 UFSI.
Afrakstur á 3 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 2.3.7 SAITHE. Yield
per 3 year old recruit.

2.4 Karfastofnar

Nafngiftir karfategunda og stofna hafa stundum verið nokkuð óljósar og þarfnast því skýringa. Tegundarheitið **karfi** hefur verið notað í fyrri skýrslum fyrir tegundina *Sebastes marinus*, en það hefur valdið misskilningi og heitið í reynd oftast notað sem safnheiti fyrir allar tegundirnar. Því er lagt til að þessi merking verði fest í sessi, þ.e. að heitið **karfi** verði notað fyrir óskilgreindar karfategundir og annað orð verði notað fyrir venjulegan karfa (*Sebastes marinus*).

Við Ísland eru þrjár karfategundir (*Sebastes*) og tvær af þeim nýttar. Vitað er, að a.m.k. ein tegundin skiptist í tvo meginstofna, djúpkarfa og úthafskarfa.

Ákveðið hefur verið að nota eftirfarandi nöfn á karfategundir:


<i>Sebastes marinus</i>	=	Gullkarfi (stóri karfi, venjul. karfi, grunnkarfi)
<i>Sebastes mentella</i>	=	Djúpkarfi Úthafskarfi
<i>Sebastes viviparus</i>	=	Litli karfi

Heitið **gullkarfi** fyrir tegundina *Sebastes marinus* er þýðing á nafni, sem notað hefur verið um langt skeið fyrir *S. marinus* af Þjóðverjum (Goldbarsch) og Bretum (golden redfish). Áður hafði verið stungið upp á heitinu grunnkarfi fyrir þá tegund sem hér er nefnd gullkarfi. Það er þó miður heppilegt því litli karfi (*S. viviparus*) er í raun eina karfategundin hér við land, sem heldur sig á grunnsævi. Litli karfi er smávaxin karfategund sem ekki er nýtt ennþá, og er því ekki fjallað um hann í þessari skýrslu.

2.4.1 Afli og sókn

Á Íslandsmiðum jókst samanlagður afli gullkarfa og djúpkarfa úr tæpum 89 þús. tonnum árið 1987 í tæp 95 þús. tonn árið 1988 eða um 7%. Aflinn minnkaði síðan aftur um tæp 3% í um 92 þús. tonn árin 1989 og 1990 (tafla 3.4.1 og mynd 2.4.1). Afli á sóknareiningu hefur verið frekar stöðugur hin seinni ár og heildaraflinn tiltölulega jafn frá ári til árs.

Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og heildarkarfaafli á Íslandsmiðum síðan 1984.



Mynd 2.4.1 KARFI. Heildarafli á Íslandsmiðum 1970-1990.

Fig. 2.4.1 REDFISH. Total landings from Iceland grounds 1970-1990.

TAFLA 2.4.1
Karfi. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
skv. reglugerðum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Redfish. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC
and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - Recommended TAC	90	90	85	75	75	75	80	55 ¹⁾
Heildaraflamark - National TAC	110	110	100	95	85	77	80	55 ¹⁾
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	108	91	86	88	94	92	91	-
Afli annarra þjóða - Landings (others)	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	108	92	87	89	95	92	92	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. (January-August 1991).

Við Austur-Grænland minnkaði aflinn úr um 10 þús. tonnum árið 1988 í um 3 þús. tonn 1989, en jókst í 7 þús. tonn árið 1990.

Við Færeyjar var afli þessara tegunda mestur árið 1986 rúm 21 þús. tonn. Síðan hefur aflinn þar farið minnkandi ár frá ári og var tæp 12 þús. tonn árið 1990.


Í heild minnkaði afli gullkarfa og djúpkarfa á svæðinu Færeyjar - Ísland - Austur-Grænland úr um 120 þús. tonnum 1988 í um 110 þús. tonn 1989 eða um rúm 8%. Árið 1990 var aflinn á svæðinu svipaður og 1989, þ.e. um 110 þús. tonn (tafla 3.4.4 og mynd 2.4.2).

Afli af úthafskarfa var mestur 105 þús. tonn árið 1986, var um 91 þús. tonn árin 1987 og 1988, en féll síðan í um 37 þús. tonn og 33 þús. tonn árin 1989 og 1990 (tafla 3.4.4). Þessar veiðar hafa einkum verið stundaðar af Sovétmönnum, Austur-Þjóðverjum og Búlgörum. Íslendingar hófu veiðar úr þessum stofni árið 1989 og Norðmenn árið 1990. Afli Íslendinga

var um 3.300 tonn árið 1989 og 3.900 tonn árið 1990. Á árinu 1991 hófu Íslendingar veiði úr þessum stofni innan efnahagslögsögu Íslands, en fram til þess höfðu veiðarnar svo til eingöngu farið fram utan efnahagslögsögu Íslands og Grænlands.

2.4.2 Lengdardreifing í afla

Lengdardreifing gullkarfa í afla 1990 var mjög svipuð og 1989 og meðallengd einnig mjög áþekkt bæði árin, þ.e. 38,5 sm samanborðið við 38,4 árið 1989.



Mynd 2.4.2 KARFI.
Heildarafli árin 1970-1990 á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Færeyjar.

Fig. 2.4.2. REDFISH. Total landings 1970-1990 from East-Greenland, Iceland and the Faroes.

Lengdardreifing djúpkarfa sýndi, að fiskurinn var heldur smærri 1990 (mest 37-43 sm) en 1989 (mest 38-45 sm) og meðallengdin var 40,0 sm í stað 41,3 árið 1989.

Yfirgnæfandi meirihluti úthafskarfans á árinu 1990 var 33-38 sm og meðallengdin 35,8 sm.

2.4.3 Ástand karfastofna


Afli gullkarfa og djúpkarfa á togtíma hefur verið nokkuð jafn undanfarin ár og bendir það til þess að stofnstærð sé stöðug. Til samanburðar við fyrri ár eru hér birtar töflur og mynd um heildarafli, meðalveiðidánartölur og stofnstærð gullkarfa eftir aldursflokkum og í heild (töflur 3.4.6-3.4.8 og mynd 2.4.3). Þrátt fyrir nokkra óvissu varðandi aldursgreiningar ber tölum um þróun heildarstofns saman við afla á togtíma hvað varðar stöðugleika stofnsins.

Aðferðafræði í karfarannsóknum er til endurskoðunar, og má nefna að nýlega hafa verið settar reglur um skráningu karfa eftir tegundum á íslenskum veiðiskipum. Ennfremur eru aðferðir við aldursgreiningu til endurskoðunar á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins og fjallað er um ýmis atriði varðandi búsvæði karfastofna í samstarfshópi norrænna fiskifræðinga.

2.4.4 Tillögur um hámarksafli

Þar sem stofnstærð gullkarfa og djúpkarfa virðist ekki hafa breyst verulega á undanförunum árum leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli af gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum á fiskveiðiárinu 1991/92 verði 65 og 25 þús. tonn. Þessi tillaga byggist á meðalafli síðustu 5 ára og er í samræmi við aðferðir Fiskveiðinefndar

Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem lagði til 76 þús. tonna hámarksafli á árinu 1992 í varúðarskyni fyrir gullkarfa og 40 þús. tonn fyrir djúpkarfa á öllu veiðisvæðinu Færeyjar - Ísland - Austur-Grænland.



Mynd 2.4.3. GULLKARFI (*S. marinus*). Heildarafli árin 1972-1990 og meðalveiðidánartala 14-23 ára karfa sama tímabil á svæðinu Austur-Grænland, Ísland, Færeyjar.

Fig. 2.4.3. *S. MARINUS*. Total landings 1972-1990 (upper line) and mean F_{14-23} during the same period in the area East-Greenland, Iceland, Faroes.

Hvað snertir úthafskarfa þá er ástand þess stofns mjög í óvissu. Alþjóðahafrannsóknaráðið varar við auknum veiðum, því stóruáknun sýnir í þennan stofn kynni að hafa skaðlegar afleiðingar til langframa.


2.5 Grálúða

2.5.1 Afli, sókn og árgangaskipan 1990

Umtalsverður samdráttur varð í grálúðuveiðum árið 1990. Árið 1989 var heildarafliinn rúm 61 þús. tonn en árið 1990 rúm 38 þús. tonn. Hafrannsóknastofnun lagði til árið 1989 að leyfilegur hámarksafli minnkaði í 30 þús. tonn á næstu tveimur árum (1990 og 1991). Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda var leyft að veiða 30 þús. tonn af grálúðu árið 1990, en ef tekið er tillit til reglugerðarákvæða um heimildir sóknarmarks og tilfærslu milli fisktegunda gat grálúðuafliinn hins vegar orðið um 45 þús. tonn (tafla 2.5.1). Alls veiddu Íslendingar tæp 36 þús. tonn af grálúðu árið 1990 (tafla 3.5.1). Í lok maí 1991 hafði verið landað 21 þús. tonnum af grálúðu en á sama tíma í fyrra 20 þús. tonnum (samkvæmt bráðabirgðartölum frá Fiskifélagi Íslands). Gert er ráð fyrir að grálúðuafliinn allt árið 1991 verði um 35 þús. tonn.


Uppistaðan í grálúðuafli árið 1989 var 7-9 ára fiskur, en 8-10 ára fiskur árið 1990 (mynd 2.5.1). Líklegt er að þessi aldurssamsetning endurspegli aukna nýliðun, en stærð 1980-1982 árganganna var vel yfir meðalagi (mynd 2.5.2).

Sókn er metin eftir upplýsingum úr veiðidagbókum togara. Sókn í grálúðu jókst mjög á árunum 1987-1989 og hefur breyst að því leyti að nú er togað á mun meira dýpi, eða allt að 700 föðmum. Veiðisvæðið vestur af landinu hefur farið stækkandi á undanförunum árum og er nú veitt allt suður að 65°10'N og norður á 65°50'N. Þrátt fyrir þetta hefur afli á sóknareiningu minnkað og var meðalafli á togtíma á árunum 1988-1990 um 30% minni en á árunum 1983-1985.



Mynd 2.5.1. GRÁLÚÐA. Aldursdreifing í afla árin 1989 og 1990.

Fig. 2.5.1. GREENLAND HALIBUT. Age distribution of the 1989 and 1990 catch.




Mynd 2.5.2. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðuárganganna 1971-1986. Fjöldi við 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.5.2. GREENLAND HALIBUT. Year classes 1971-1986 at age 5 (in millions).

2.5.2 Ástand stofnsins


Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera sami stofninn. Veiðidánartala jókst ört fram til 1980 (mynd 2.5.3). Á árunum 1980-1987 var hún á bilinu 0,29-0,49 og náði hámarki (0,66) árið 1989. Árið 1990 lækkaði veiðidánaratalan í 0,54 og er reiknað með að hún verði um 0,48 árið 1991. Veiðistofninn (6 ára fiskur og eldri) fór vaxandi fram til 1982, en þá var hann um 205 þús. tonn (mynd 2.5.4). Stærð stofnsins breyttist lítið á árunum 1982-1988 og var 200-230 þús. tonn. Grálúðustofninn hefur farið minnkandi síðan og er talinn hafa verið 170 þús. tonn í ársbyrjun 1990. Hrygningarstofninn náði hámarki 1987, um

100 þús. tonnnum, en er talinn hafa verið um 70 þús. tonn í ársbyrjun 1990.



Mynd 2.5.3. GRÁLÚÐA. Heildarafli árin 1976-1990 og meðalveiðidánartala 8-13 ára grálúðu sama tímabil.

Fig. 2.5.3. GREENLAND HALIBUT. Total landings 1976-1990 (upper line) and mean F_{8-13} during the same period.




Mynd 2.5.4. GRÁLÚÐA. Stærð heildarstofns (6 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1990 í þúsundum tonna.

Fig. 2.5.4. GREENLAND HALIBUT. Total stock (6+) and spawning stock biomass during the period 1976-1990 (thousand tonnes).

Afrakstur á nýliða er sýndur á mynd 2.5.5. Þar kemur fram að núverandi sókn ($F_{90} = 0,54$) er langt umfram kjörsókn ($F_k = 0,22$).

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýndur í töflum 3.5.2 og 3.5.3.



Mynd 2.5.5. GRÁLÚÐA. Afrakstur á 5 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.5.5. GREENLAND HALIBUT. Yield per 5 year old recruit.

2.5.3 Horfur og tillögur um hámarksafla 1992.

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvörðun stjórnvalda og grálúðuafla síðan árið 1984.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að veiðistofn hafi verið 170 þús. tonn í ársbyrjun 1991 og hrygningarstofn 70 þús. tonn (tafla 2.5.2 og mynd 2.5.6). Áætlað er að nýliðun verði nálægt meðaltali árána 1976-1987, 33 milljónir 5 ára fiska. Ennfremur er gert ráð fyrir að kynþroski verði eins og meðaltal árána 1982-1984.

TAFLA 2.5.1
Grálúða. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflaghámark, heildaraflamark skv. reglugerðum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - Recommended TAC	25	25	25	25	30	30	30	27 ¹⁾
Heildaraflamark - National TAC	30	30	30	30	30	30	30 ²⁾	33 ¹⁾
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	30	29	31	45	49	58	36	-
Afli annara - Landings (others)	-	-	-	-	1	1	-	-
Afli alls - Total landings	30	29	31	45	49	59	37	-

1) Tímabilið janúar ágúst 1991. (January-August 1991).


2) Með tilliti til reglugerðarákvæða um heimildir sóknarmarks og tilfærslu milli fisktegunda, gat grálúðuaflinn hins vegar orðið um 45 þús. tonn. (According to regulations by effort quota and other flexibilities in the quota system, the landings of Greenland halibut in 1990 could have reached some 45 thous. tonnes).

Tafla 2.5.2 sýnir að við 45 þús. tonna afla árin 1992 og 1993 mun stofninum hraka jafnt og þétt. Veiðistofn mun verða 155 þús. tonn og hrygningarstofn 55 þús. tonn í ársbyrjun 1994. Við 35 þús. tonna afla mun stofninn hins vegar standa í stað og verður veiðistofn 175 þús. tonn og hrygningarstofn 70 þús. tonn í ársbyrjun 1994. Við 25 þús. tonna ársafla mun veiðistofninn vaxa á næstu árum og nálgast meðalstærð árána 1982-1986 og er áætlað að hann verði kominn í 200 þús. tonn árið 1994. Hrygningarstofn eykst á sama tíma úr 70 þús. tonnum í 90 þús. tonn.

TAFLA 2.5.2
Grálúða. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn)
1993-1994.
Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes)
in 1993-1994 for different management strategies.

1991				1992				1993				1994			
Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1992-1993 Aflhámark TAC	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock
170	70	0,48	35	25	175	70	0,32	185	80	0,28	200	90			
				35			0,48	175	70	0,48	175	70			
				45			0,66	165	65	0,75	155	55			

1) F = Veiðidánartala (8-13 ára grálúðu). (F = Fishing mortality of age groups 8-13.)




Mynd 2.5.6. GRÁLÚÐA.
 Stærð grálúðustofnsins árin
 1980-1992 og áhrif
 mismunandi aflhámarks á
 áætlaða stærð hans 1993-
 1994.

*Fig. 2.5.6. GREENLAND
 HALIBUT. Stock size
 (thous. tonnes) 1980-1992
 and projection of stock and
 spawning stock biomass in
 1993-1994 for different
 management strategies.*

Á árunum 1982-1986 var veiðistofninn áætlaður 200-215 þús. tonn. Ársafli á þessu tímabili var 30-35 þús. tonn (tafla 3.5.1). Því virðist sem grálúðustofninn geti staðið undir ársafli að þessu marki þegar hann hefur náð ofangreindri stærð. Þetta er í samræmi við útreikninga á afrakstri á nýliða, þar sem meðalárgangur gefur af sér um 35 þús. tonna afla.

Með hliðsjón af framansögðu og því að bætt veiðitækni hefur ekki skilað auknum afla, leggur Hafrannsóknastofnun til að heildarafli grálúðu á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1991/92 verði 25 þús. tonn. Með þessu móti er stefnt að því að á næstu tveimur árum nái grálúðustofninn sambærilegri stærð og á árunum 1982-1986.

2.6 Steinbítur



Mynd 2.6.1. STEINBÍTUR.
Heildaraflí árin 1965-1990.

Fig. 2.6.1. WOLFFISH.
Total landings during the
period 1965-1990 (thousand
tonnes).

Árabilið 1985-1988 jókst steinbítsaflinn úr tæplega 10.000 tonnum í 14.500 tonn (mynd 2.6.1). Árið 1989 var aflinn 14.127 tonn og árið 1990 um 14.400 tonn. Reikna má með að steinbítsaflinn aukist árið 1991 því í maílok var steinbítsaflinn orðinn 11.800 tonn eða þriðjungi meiri en á sama tíma 1990. Aldur steinbíts í afla fiskiskipa hefur verið 8-20 ár og 10-15 ára fiskur algengastur. Jafnstöðuafli steinbíts er talinn um 13 þús. tonn. Samkvæmt niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska árin 1985-1990 fór vísitala steinbíts lækkandi til 1988, en var aftur á móti hærri árið 1989. Árið 1991 mældist vísitalan svipuð og 1989.

Steinbítsaflinn frá 1950 er sýndur í töflu 3.6.1.

2.7 Skarkoli


Skarkolaafllinn árið 1990 var rúmlega 11 þús. tonn en það er næstum sami afli og 1989. Aflinn 1988 var hins vegar tæpum 3 þús. tonnum meiri eða um 14 þús. tonn (mynd 2.7.1). Skarkolaafllinn frá 1950 er sýndur í töflu 3.7.1.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins 1991 veiddust rúm 4 þús. tonn af skarkola, sem er um 1.500 tonnum meira en sömu mánuði 1990. Samkvæmt því má gera ráð fyrir nokkru meiri heildarafla árið 1991 en var árið 1990.

Samkvæmt veiðiskýrslum dragnótabáta hefur skarkolaafli á sóknareiningu á tímabilinu júlí til október farið minnkandi úr um 500 kg í kasti árið 1979 niður í um 250 kg 1990. Þetta á jafnt við um Faxaflóa sem önnur mið (mynd 2.7.2).

Afli á sóknareiningu á öðrum svæðum en Faxaflóa hefur þó haldist nokkuð jafn frá 1984, um 240 kg í kasti, og ársaflinn á þessu tímabili hefur einnig verið nokkuð stöðugur, um 12 þús. tonn. Þetta bendir til þess að sókn í skarkola sé í nokkru samræmi við afrakstursgetu stofnsins. Þó ber að hafa í huga að á undanförunum árum hefur orðið nokkuð ör þróun í dragnótaveiðum. Í stað þess að nota 400-480 faðma víra og um 60 faðma tóg eru margir bátar nú með allt að 1440 faðma tóg. Ekki reyndist unnt að skoða mun í afla á sóknareiningu miðað við mismunandi tóglengd þar sem margir skipstjórar hafa trassað að skrá þessar upplýsingar í


veiðiskýrslum sínum. Þó er augljóst að sé tekið tillit til aukinnar veiðihæfni dragnótarinnar hefur aflí á sóknareiningu minnkað meira en hér kemur fram.



Mynd 2.7.1. SKARKOLI. Heildaraflí árin 1965-1990.

Fig. 2.7.1 PLAICE. Total landings during the period 1965-1990 (thousand tonnes).

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars mánuði árin 1985-1991 benda til þess að skarkolastofninn hafi farið minnkandi frá árinu 1985 þegar stofnmælingin hófst. Rétt er að hafa í huga að stofnmælingin er ekki skipulögð með tilliti til útbreiðslu skarkola og veiðarfærið ekki hentugt til skarkolaveiða. Telja verður þó að stofnmælingin gefi marktæka vísbendingu um breytingar á stærð skarkolastofnsins þennan tíma.



Mynd 2.7.2. SKARKOLI. Aflí (kg) á sóknareiningu hjá dragnótabátum í júlí - október árin 1979-1990.

Fig. 2.7.2 PLAICE. CPUE (kg) from seiners in July - October in 1979-1990.


Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að sókn í skarkolastofninn verði alls ekki aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár og leyfilegur hámarksafli af skarkola fiskveiðiárið 1991/92 verði 10 þús. tonn.

2.8 Langlúra

2.8.1 Afli og sókn

Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986, en í nokkra áratugi hafði langlúra ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að verulegu leyti kastað fyrir borð. Við tilraunaveiðarnar var notuð dragnót með 1440 faðma tógi og 35 faðma höfuðlínu. Tilraunaveiðarnar gáfust vel og tókst að selja langlúruruna á tiltölulega góðu verði til Belgíu og Japan. Á árinu 1987 stunduðu um 10 dragnótabátar þessar veiðar og varð heildarafli tæp 4.600 tonn. Aflinn hafði áður orðið mestur um 1.800 tonn árið 1949 en þá voru útlendingar nær einir um langlúruveiðar. Árið 1988 varð aflinn tæp 3.000 tonn, tæp 2.300 tonn 1989 og minnkaði enn 1990 í tæp 1.300 tonn (mynd 2.8.1 og tafla 3.8.1).


Afli á sóknareiningu (afli í kasti) var tæp 900 kg að meðaltali árið 1987 en hefur farið minnkandi síðan og var aðeins um 440 kg í kasti árið 1989 (mynd 2.8.2). Á árinu 1990 voru ekki leyfðar langlúruveiðar með 120 mm möskva á tímabilinu maí - ágúst samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunar. Því eru ekki til tölur um afla í kasti fyrir allt árið 1990 en afli í kasti fyrstu 4 mánuði ársins var að meðaltali um 350 kg. Þetta er lægsta meðaltal á þessum árstíma frá árinu 1987. Í september 1990 var afli í kasti svipaður og 1989. Afli á sóknareiningu hefur því enn farið minnkandi.



Mynd 2.8.1. LANGLÚRA.
Heildarafli árin 1965-1990.

Fig. 2.8.1. WITCH. Total landings during the period 1965-1990 (thousand tonnes).

Sókn í langlúru var mjög svipuð árin 1987 til 1989 og virðist hafa verið umfram afrakstursgetu stofnsins enda veiðarnar stundaðar með öflugum bátum á afmörkuðum svæðum og með afkastamiklu veiðarfæri. Töluvert virðist hafa dregið úr sókn á árinu 1990. Þar munar líklega mestu að nánast engar veiðar voru stundaðar á tímabilinu maí - ágúst en einnig hefur minnkandi afli ráðið þar einhverju.



Mynd 2.8.2. LANGLÚRA. Afli (tonn) á sóknareiningu hjá dragnótabátum 1987-1990.


Fig. 2.8.2. WITCH. CPUE (tonnes) from witch seiners in 1987-1990.

Rétt er að ítreka að langlúra er fremur hægvoxta fiskur og afrakstursgeta stofnsins því fremur lítil til langs tíma lítið.

2.8.2 Horfur

Ekki hefur reynst unnt að meta stofnstærð langlúrunnar af þeim gögnum sem fyrir liggja. Hafrannsóknastofnunin getur því ekki lagt til ákveðinn hámarksafla en í ljósi þess hve dregið hefur úr afla á sóknareiningu er lagt til að sókn verði ekki aukin í stofninn og fjöldi veiðileyfa takmarkaður. Jafnframt er lagt til að langlúruveiðar verði bannaðar á tímabilinu 1. maí til 1. september.

2.9 Blálanga




Mynd 2.9.1. BLÁLANGA. Heildarafli árin 1966-1990.

Fig. 2.9.1. BLUE LING. Total landings during the period 1966-1990 (thousand tonnes).

Blálanga er aðallega veidd í botnvörpu. Síðustu árin hefur blálönguafli á Íslandsmiðum svo til eingöngu verið aukaafli við aðrar veiðar. Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru þó stundaðar á árunum 1980-1984. Þá komst blálönguafli Íslendinga upp fyrir 8.000 tonn (árin 1980 og 1981), en árið 1985 var aflinn kominn niður í um 1.500 tonn. Aflinn jókst síðan lítillega og var kominn í rúm 2.100 tonn árið 1989 en minnkaði síðan aftur í tæp 2.000 tonn árið 1990 (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1).

2.10 Langa

Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Lönguafli Íslendinga hefur verið tiltölulega jafn um árabíl, þ.e. á bilinu 3.000-4.000 tonn á ári, en jókst í um 5.000 tonn 1988-1990. Árið 1990 veiddu Íslendingar 5.116 tonn og hefur lönguafllinn þannig aukist um 74% frá árinu 1986 er hann var aðeins 2.946 tonn. Þessi aflaukning hefur orðið í flest veiðarfæri. Á árinu 1990 varð þó sú breyting, að afli í net dróst saman um 550 tonn frá árinu áður en jókst um 680 tonn á línu. Lönguafllinn á Íslandsmiðum árin 1966-1990 er sýndur á mynd 2.10.1 og töflu 3.10.1. Með svipaðri sókn er ekki ástæða til að ætla annað en að lönguafllinn verði um 5.000 tonn árin 1991 og 1992.




Mynd 2.10.1. LANGA.
Heildarafli árin 1966-1990.

Fig. 2.10.1. LING. Total landings during the period 1966-1990 (thousand tonnes).

2.11 Keila

Keiluaflí Íslendinga á árinu 1990 var 4.800 tonn og hafði aukist um 1.680 tonn eða 53% frá árinu áður. Meðalafli áráanna 1986-1990 var um 3.300 tonn. Keila veiðist aðallega á línu, eða u.þ.b. 90-95%. Keiluaflí útlendinga jókst umtalsvert á árunum 1985 til 1989 eða úr um 2.000 tonnum í rúm 3.900 tonn. Hins vegar minnkaði aflí útlendinga aftur árið 1990 í tæp 2.500 tonn og er nú minni en aflí Íslendinga. Keiluaflí áráanna 1966-1990 er sýndur á mynd 2.11.1 og töflu 3.11.1. Aflaukningu sem varð á árinu 1990 má skýra með því að þá var sérstaklega farið að sækjast eftir keilu á því ári. Ef framhald verður á sérstökum keiluveiðum, má reikna með a.m.k. svipuðum afla árin 1991 og 1992.




Mynd 2.11.1. KEILA.
Heildarafli árin 1966-1990.

Fig. 2.11.1. TUSK. Total landings during the period 1966-1990 (thousand tonnes).

2.12 Síld

2.12.1 Síldveiðarnar 1990

Hafrannsóknastofnunin lagði til, að ekki yrði veitt meira en 90 þús. tonn af íslenskri sumargotssíld árið 1990.



Mynd 2.12.1. SÍLD.
Heildarafli árin 1975-1990 og vegin meðalveiðidánartala 4 ára og eldri síldar sama tímabil.

Fig. 2.12.1. HERRING. Total landings 1975-1990 (upper line) and weighted mean F_{4+} during the same period.

Leyfi til síldveiða fengu alls 98 skip og var úthlutað samtals 100 þús. tonnum. Alls var landað 89.306 tonnum. Þar af fengust um 2.300 tonn í janúar en að öðru leyti fékkst aflinn þrjá seinustu mánuði ársins eins og venja er. Samkvæmt skýrslum síldveiðiskipa var a.m.k. 3.465 tonnum sleppt á miðunum og hafa því veiðst tæplega 92.800 tonn af síld árið 1990. Um 58% þessa afla fór til frystingar og söltunar en 42% til bræðslu. Það hlutfall sem fer til bræðslu hefur stöðugt aukist undanfarin ár. Aðalveiðisvæðið á síldveiðunum haustið 1990 var

við suðausturland frá Hvalnesi vestur að Hrollaugseyjum. Á Austfjörðum voru veiðar sáralitlar og hafa þær minnkað mjög seinustu tvær vertíðir.


Síldaraflinn á tímabilinu 1975-1990 er sýndur á mynd 2.12.1 og frá 1951 í töflu 3.12.1.

Tafla 2.12.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflaghámark, heildaraflamark stjórnvalda og afla (þús. tonn) síðan 1984.

TAFLA 2.12.1
Síld. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflaghámark, heildaraflamark
skv. ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Herring. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and
landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - Recommended TAC	50	50	65	70	90	90	90	80
Heildaraflamark - National TAC	50	50	65	73	90	90	90	-
Afli - Landings (Iceland)	50	49	65	75	93	97	90	-

2.12.2 Aldursskipting og stofnstærð




Mynd 2.12.2. SÍLD. Stærð hrygningarstofns árin 1970-1991.

Fig. 2.12.2. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1991 (thousand tonnes).

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.12.4. Þar kemur fram að á árunum 1974-1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979-1982 eru það sterku árgangarnir frá 1974 og 1975 sem bera uppi veiðina. Mikil breyting varð á aldersdreifingu síldaraflans árið 1983 en þá kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og varð yfir 50% af heildaraflanum. Á vertíðunum 1984-1986 var þessi árgangur einnig langalgengastur í aflanum. Aldursdreifing síldaraflans haustin 1987 og 1988 einkenndist hins vegar af því að aflinn dreifðist á marga árganga allt frá 4-11 ára síld. Haustið 1988 veiddist þó mest af fimm og sex ára síld. Haustið 1989 og 1990 veiddist langmest af 1983 árganginum (48 og 38%) og virðist þetta vera sterkasti árgangur sem komið hefur í þennan stofn s.l. 40 ár. Hlutfall 8 ára


síldar og eldri er umtalsvert lægra í aflanum 1989 og 1990 (8-15%) en það var á árunum 1986 og 1987 (27-43%) einkum vegna þess að 1983 árgangurinn er að fullu kominn í veiðina á sama tíma og eldri árgangar, svo sem sterki árgangurinn frá 1979, eru að hverfa úr veiðinni.



Mynd 2.12.3. SÍLD.
Afrakstur á 2 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 2.12.3. HERRING.
Yield per 2 year old recruit.

Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í nóvember-december eða janúar við lok síldarvertíðarinnar.




Mynd 2.12.4. SÍLD. Spá
um aldersdreifingu
síldaraflans 1991.

Fig. 2.12.4. HERRING.
Prognosis of age distribution
of the 1991 catch.

Í nóvember-desember 1990 var útbreiðsla og magn smásíldar kannað í fjörðum og flóum vestan- og norðanlands eins og venjan hefur oftast verið. Einnig var síldar leitað á Austfjörðum og við Suðausturland. Mikið af smásíld fannst í leiðangrinum en sáralítið fannst af stærri síldinni í fjörðunum austanlands og við Suðausturlandið var síldin á smáblettum út um allt svo aðstæður til mælinga voru ófullnægjandi. Í febrúar tókst hins vegar að mæla stofninn, en hann hafði tekið sér vetursetu úti af Lónsbug.

Það eru fyrst og fremst niðurstöður úr þessum mælingum sem notaðar hafa verið við þá stofnstærðarútreikninga er nú hafa verið gerðir.



Mynd 2.12.5. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1989. Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig. 2.12.5. HERRING. Year classes 1970-1989 at age 2 (in millions).

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir hefur hrygningarstofninn vaxið úr 230 þús. tonnum 1983 í um 440 þús. tonn 1987. Gert er ráð fyrir að árið 1990 hafi hrygningarstofninn verið um 440 þús. tonn, sem er um 15% minni hrygningarstofn en taldist vera samkvæmt úttektinni frá árinu 1990. Ennfremur er gert ráð fyrir að hrygningarstofninn 1991 sé um 425 þús. tonn, sem er einnig talsvert minna en búist var við í fyrri úttekt og tæplega 19% minna en 1988 þegar hrygningarstofninn var stærstur (504 þús. tonn). Þetta er nánara sýnt á mynd 2.12.2 og í töflu 3.12.5, er sýnir niðurstöður stofnstærðarútreikninga með aldurs-aflaaðferð á árunum 1972-1991. Tafla 3.12.6 sýnir veiðidánarstuðla á tímabilinu 1972-1990 og mynd 2.12.1 sýnir heildarafla á árunum 1975-1990 og meðalveiðidánartölu 4 ára síldar og eldri fyrir sama tímabil. Vegið meðaltal veiðidánarstuðla s.l. 10 ár hefur verið á bilinu 0.21-0.35. Sá veiðidánarstuðull, sem gefur kjörsókn fyrir íslensku sumargotssíldina er 0.24 (mynd 2.12.3). Veiðidánarstuðlar í elstu árgöngunum 1987-1988 voru þó mun hærri enda beindist veiðin mjög að þessum hluta stofnsins á þeim árum.

Árið 1990 virðist sóknin hafa verið jöfn í 6 ára síld og eldri (veiðidánartala um 0.27) enda var eldri síldin á sömu slóðum og sú yngri fyrir Suðausturlandi, en ekki aðskilin inni á fjörðum austanlands eins og 1987 og 1988. Meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri árin 1972-1991 er sýnt í töflum 3.12.2 og 3.12.3.

2.12.3 Horfur og tillögur um hámarksafla

Spá um aldursdreifingu síldaraflans 1991 er sýnd á mynd 2.12.4 og nánari grein er gerð fyrir aldursskiptingunni ásamt meðalþyngd og meðallengd fram til 1992 í töflu 2.12.2. Þar kemur fram að sennilega mun mest veiðast af 5 og 8 ára síld 1991 og 4, 6 og 9 ára síld 1992. Samkvæmt smásíldarmælingum 1990 og 1988 árgangurinn mjög sterkur (mynd 2.12.5), en hlutur hans í aflanum gæti orðið mun minni 1992 en hér er gert ráð fyrir ef hægt er að beina veiðunum að miklu leyti að eldri síldinni eins og gert var 1987 og 1988.

TAFLA 2.12.2
Síld. Spá um aldursdreifingu 1991 og 1992 ásamt meðalþyngd og meðallengd
Herring. Age distribution of herring (in %) 1991 og 1992 as well as mean weight and mean length.

Aldur	1991		1992		Meðal- þyngd <i>mean weight</i> g	Meðal- lengd <i>mean length</i> cm
	% eftir fjölda <i>by number</i>	% eftir þyngd <i>by weight</i>	% eftir fjölda <i>by number</i>	% eftir þyngd <i>by weight</i>		
2	1	+	1	+	65	20.1
3	9	5	5	3	148	24.9
4	9	6	25	17	182	29.4
5	16	14	9	8	242	31.6
6	12	12	19	20	276	32.8
7	15	16	7	9	299	33.2
8	28	32	9	11	308	34.0
9	6	8	18	22	326	34.7
10+	4	7	7	10	378	36.1

Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotsstofninum eftir friðunina frá 1972 hefur sókninni verið stillt mjög í hóf og hin síðustu ár hefur hún miðast við svo kallaða kjörsókn. Eins og sést á mynd 2.12.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þó sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Spá um þróun síldarstofnsins er sýnd í töflu 2.12.3 en þar er gert ráð fyrir að hrygningarstofninn sé 425 þús. tonn 1. júlí 1991.


TAFLA 2.12.3
Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1991 á áætlaða stærð hrygningarstofnsins 1992.
Herring. Projection of spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thousand tonnes) in 1992 for different management strategies in 1991.

1991	Veiðiráðgjöf 1991		1992
Hrygningarstofn 1. júlí <i>Spawning stock biomass 1. July</i>	F ¹⁾	Afli <i>Catch</i>	Hrygningarstofn <i>Spawning stock biomass</i>
425	0.24 = F _k	80	505
	0.30	100	485
	0.37	120	465

1) Vegin veiðidánartala 4 ára og eldri. (*Weighted fishing mortality of age group 4+ (F_k = F_{opt})*)

Samkvæmt þessari úttekt kemur í ljós að aflinn á vertíðinni 1991 yrði um 80 þús. tonn ef miðað væri við kjörsókn. Hrygningarstofninn myndi stækka úr 425 þúsund tonnum 1991 í 505 þús. tonn 1992. Ef veidd væru 100 þús. tonn yrði hrygningarstofninn 485 þús. tonn 1992 en

465 þús. tonn ef veidd væru 120 þús. tonn (mynd 2.12.6).



Mynd 2.12.6. SÍLD. Stærð hrygningarstofnsins árin 1980-1991 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1992.

Fig. 2.12.6. HERRING. Spawning stock size (thous. tonnes) 1980-1991 and projection of stock biomass in 1992 for different management strategies.

Á undanförunum árum hafa veiðarnar byggst á fáum en sterkum árgöngum og eldri síldin hefur enst skemur í veiðinni en búist var við. Það er því ekki talið ráðlegt að auka sóknina umfram kjörsókn og leggur því Hafrannsóknastofnun til að síldaraflinn verði 80 þús. tonn á árunum 1991 og 1992. Tillögur um leyfilegan hámarksafli fyrir árið 1992 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.

2.13 Loðna


2.13.1 Veiðarnar 1990/1991

Veiðarnar á sumar- og haustvertíð 1990 gengu með afbrigðum illa, svipað og á sumar- og haustvertíð 1989. Aðeins veiddust um 112 þús. tonn en þar af var afli Íslendinga um 85 þús. tonn. Þrátt fyrir ítarlega leit á hafsvæðinu frá Jan Mayen að ísnum við Austur-Grænland og norðan Íslands fannst lítið af veiðanlegri loðnu og sú loðna sem fannst, hélt sig við landgrunnsbrúnina úti af Vestfjörðum, Norður- og Norðausturlandi. Þá bar töluvert á smáloðnu í aflanum.

Í október og nóvember voru farnir tveir leiðangrar til að mæla stærð veiðistofnsins. Niðurstöðurnar voru ekki uppörvandi og í nóvember mældist hrygningarstofninn 370 þús. tonn. Með tilliti til þess hve lítið mældist af hrygningarloðnu voru veiðarnar stöðvaðar í fyrstu viku desembermánaðar. Haldið var þó áfram tilraunum til að finna og mæla meiri loðnu í desember, en án árangurs.

Í byrjun janúar 1991 héldu tvö rannsóknaskip til loðnurannsókna og fylgdu þeim 6 loðnuveiðiskip til aðstoðar við leit. Leitað var á svæði allt frá Vestfjarðamiðum að Suðausturlandi. Fljótlega fannst hrygningarloðna á svæði frá miðjum Austfjörðum norður að 66°N og svo aftur úti af Norðausturlandi norðan 66°30'N. Loðnugöngurnar voru á hraðri ferð suður með landgrunnsbrúninni og dagana 4.-6. janúar mældu rannsóknaskipin stærð þeirra.


Alls mældust 320 þús. tonn af hrygningarloðnu þarna og voru um 65% sunnan 66°N og um 35% úti af Norðausturlandi. Syðri gangan var mæld aftur 7.-8. janúar og fengust nánast alveg sömu niðurstöður og áður, en þá var syðsti hluti hennar kominn suður undir 64°10'N.



Mynd 2.13.1. LOÐNA. Stærð veiðistofns við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok hverrar vertíðar.

Fig. 2.13.1. CAPELIN. Abundance of the fishable stock in the beginning of the 1978/79-1990/91 seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season.

Nyrðri gangan var mæld aftur úti af miðjum Austfjörðum 22.-23. janúar og mældist um 100 þús. tonn, sem er um það bil sama niðurstaða og fékkst í fyrri mælingu á þessari göngu. Vegna þess hvað loðnan gekk hratt suður eftir var talið að stærð stofnsins hefði verið vanmetin eitthvað við janúarmælingarnar.



Mynd 2.13.2. LOÐNA. Heildaraflí á vertíðunum 1978/79-1990/91.

Fig. 2.13.2. CAPELIN. Total landings in the 1978/79-1990/91 seasons.

Dagana 29. janúar - 2. febrúar leituðu 3 loðnuskip NV, N og NA af landinu. Ekki fannst loðna nema um 50 sjómílur norður af Vestfjörðum, sem síðar kom í ljós að var að mestu leyti smáloðna.

Í seinustu viku janúar dreifðist aðalloðnugangan við straumamótin úti fyrir Suðausturlandi. Syðsti hluti hennar a.m.k. hélt allt suður á Þórsbanka og varð lítið vart aftur fyrr en hún gekk í strandsjóinn við Suðausturland 7. febrúar. Aðalgangan var mæld dagana 8.-9. febrúar á tveimur skipum er hún var á svæðinu frá Eystra-Horni og vestur á mótis við Hálsa. Um 450 þús. tonn af hrygningarloðnu mældust í þessari göngu. Næstu daga á eftir mældust auk þess 25 þús. tonn, sem gengu nokkru síðar inn á svæðið og 50 þús. tonn, sem fundust austur af Reyðarfjarðardjúpi á um 12°V. Alls mældust því um 525 þús. tonn af hrygningarloðnu við Suðausturland í 2. viku febrúar. Með tilliti til þessarar mælingar voru veiðar hafnar að nýju og ákváðu stjórnvöld að leyfa veiðar á 175 þús. tonnum til viðbótar þeim 137 þús. tonnum, sem þegar höfðu fengist á vertíðinni.

Næstu daga gekk loðnan hratt vestur með landinu og 17.-18. febrúar var aðalgangan mæld enn einu sinni, er hún var á svæðinu frá Kötlutanga að Þorlákshöfn. Þá mældust 400 þús. tonn og er þessi niðurstaða í góðu samræmi við 450 þús. tonna mælinguna, sem gerð var 9-10 dögum fyrr, þegar tillit hefur verið tekið til veiðanna.

Dagana 23.-24. febrúar var gerð enn ein tilraun til að mæla aðalloðnugönguna, sem þá var komin inn í Faxaflóa. Aðstæður til mælinga voru ófullnægjandi, bæði vegna veðurs og þó einkum vegna hegðunar loðnunnar sem nú var að nálgast hrygningu, og fengust ekki áreiðanlegar niðurstöður.

TAFLA 2.13.1

Loðna. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark skv. ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Capelin. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes)

Ár ¹⁾	1984/85	1985/86	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/92
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	920	1280	1290	1115	1065	900	250	-
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	920	1280	1290	1115	1065	900	312	-
Afli Íslendinga - <i>Landings (Iceland)</i>	774	987	1053	912	921	666	284	-
Afli annarra þjóða - <i>Landings (others)</i>	123	325	380	204	116	142	27	-
Afli alls - <i>Total landings</i>	897	1312	1333	1116	1037	808	311	-

1) Vertíðir (júlí-mars). *Seasons (July-March)*.

Seinustu daga febrúar og fram til 8. mars var leitað að loðnu, fyrst við Suður- og Suðausturland og síðan úti af Vestfjörðum. Engar nýjar göngur fundust en hluti göngunnar, sem kom sunnan að og hrygndi ekki í Faxaflóa eða Breiðafirði, gekk norður með Vestfjörðum og var komin inn í Ísafjarðardjúpi er leiðangri lauk.

Aflinn á vertíðinni 1990/91 varð 311 þús. tonn. Skipting milli veiðitímabila og þjóða er sýnd í töflu 3.13.1 auk heildarafla á Íslands - Grænlands - Jan Mayen miðum. Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningarstofns við lok vertíðanna 1978/79-1990/91, er sýnd á mynd 2.13.1 og loðnuafllinn á sömu vertíðum á mynd 2.13.2. Stærð veiðistofns við upphaf vertíðar og stærð hrygningarstofns í lok vertíðar 1990/91 er reiknaður út frá afla og mælingunni sem gerð var við Suðausturland fyrri hluta febrúar 1991. Stærð loðnuárganganna frá 1976-1988 er sýnd á mynd 2.13.3.

Tafla 2.13.1. sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og loðnuaflla á Íslands - Grænlands - Jan Mayen svæðinu frá 1984.

2.13.2 Ástand veiðistofnsins 1991/1992

Næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á árganginum frá 1989, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 1988 sem ekki hrygndi vorið 1991.

TAFLA 2.13.2
Loðna. Fjöldi og þyngd eftir aldri.
Capelin. Number and weight by year class.

Árgangur <i>Year class</i>	Fjöldi í milljörðum <i>Number in billions</i>	Þyngd í þús. tonnum <i>Weight in thous. tonnes</i>
1989	36.2	145.4
1988	5.9	55.9
1987	0.3	3.6
Samtals <i>Total</i>	42.4	204.9
Kynþroska <i>Mature</i>	7.8	69.7

Í ágúst 1990 var gerð könnun á útbreiðslu og fjölda ókynþroska loðnu. Nær öll ókynþroska loðnan sem mældist var af árgangi 1989 og er talið að mælingin hafi náð til þess árgangs að mestu. Ljóst er að ekki náðist til eldri loðnunnar nema að litlum hluta.

Niðurstöður um fjölda og þyngd eftir aldri eru sýndar í töflu 2.13.2.


Haustmælingarnar 1990 og vetrarmælingarnar 1991 gáfu engar nýjar upplýsingar um hinn ókynþroska hluta stofnsins.

2.13.3 Horfur og hámarksafli á vertíðinni 1991/92

Mælingar á fjölda árgamallar loðnu í ágúst hafa verið gerðar árlega síðan 1982. Með því að bakreikna stærð árganga út frá mældri stærð þeirra í veiði- og hrygningarstofni að teknu tilliti til afla og náttúrulegra affalla, má fá ákveðið samband milli stærðar árganga, eins og þeir mælast í ágúst sem árgamall ókynþroska fiskur, og stærðar sömu árganga eins og hún reiknast eftir að þeir hafa gengið í gegnum veiðina og hrygnt. Á undanförunum árum hefur þetta samband, ásamt niðurstöðum ágústmælinganna, verið notað til að mæla byrjunarkvóta fyrir sumar- og haustvertíð, en endanlegur leyfilegur hámarksafli verið ákveðinn að loknum haust- og/eða vetrarmælingunum.

Á tveimur síðustu vertíðum hefur þetta samband milli ágústmælinganna og bakreiknaðrar árgangastærðar versnað verulega, þannig að árgangarnir frá 1987 og 1988 reyndust miklu minni en ágústmælingarnar bentu til. Líkleg ástæða fyrir lélegri nýliðun þessara árganga eru slæmar umhverfisaðstæður (kaldur og átusnauður sjór) fyrir norðan land á uppeldis- og ætissvæðum loðnunnar 1988-1989 og fram á sumar 1990. Árgangurinn frá 1989 mældist mjög lítill í ágúst 1990 (næst minnstur frá upphafi ágústmælinganna), en þetta er sá árgangur sem næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á. Enda þótt umhverfisaðstæður á loðnuslóðum hafi farið batnandi seinni hluta árs 1990 og fyrri hluta árs 1991 er ekki vitað hver framvindan verður varðandi loðnuna sjálfa.

Að svo komnu máli er ekki talið mögulegt að leggja til ákveðinn hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1991. Því er lagt til að loðnuveiðar verði ekki leyfðar fyrr en að undangengnum mælingum á stærð veiðistofnsins haustið 1991 og/eða veturinn 1992.



Mynd 2.13.3. LOÐNA. Stærð loðnuárganganna 1976-1988. Fjöldi nýliða við eins árs aldur (í milljónum).

Fig. 2.13.3. CAPELIN. Size of the 1976-1988 year classes at age 1 (in millions).

2.13.4. Hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1992

Um ástand veiðistofnsins 1992/1993 er ekkert hægt að segja enn sem komið er. Veiðarnar munu fyrst og fremst byggjast á 1990 árganginum. Lítið var af loðnuseiðum í ágúst það ár en þau voru mjög vel á sig komin. Reynslan hefur sýnt að talning á loðnuseiðum hefur lítið spágildi og fyrstu nýju upplýsingarnar um stærð 1990 árgangsins eru ekki væntanlegar fyrr en að loknum mælingum á ársgamalli loðnu í ágúst 1991.

2.14 Kolmunni


2.14.1 Veiðarnar

Á árunum 1970-1975 má segja, að kolmunnaveiðarnar í NA-Atlantshafi hafi verið tilraunaveiðar og aflinn á þessum árum náði aldrei 100 þús. tonnum. Eftir það jókst aflinn mjög hratt og náði hámarki 1979 og 1980, eða um 1.1 milljónum tonna. Síðan minnkaði aflinn ört og fór niður í 539 þús. tonn 1983. Eftir það jókst aflinn á ný fram til 1986, er hann varð 794 þús. tonn, en minnkaði síðan aftur og varð 523 þús. tonn 1988. Árið 1989 varð kolmunnaaflinn 596 þús. tonn og um 630 þús. tonn 1990. Afli Íslendinga 1989, um 5.000 tonn, var ungmunnur, sem fékkst í spærlingsveiðunum við Suðurland.

Kolmunnaaflinn frá 1977 er sýndur á mynd 2.14.1 og frá 1970 í töflu 3.13.1.


2.14.2 Aldursskipting

Sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 eru að hverfa úr aflanum og voru aðeins um 12% af fjölda landaðra fiska árið 1989. Árgangurinn frá 1989 var áberandi í bræðslufiskveiðunum og var þar 67% af fjölda landaðra fiska en um 28% í heildaraflanum. Næst algengasti árgangurinn í aflanum var árgangurinn frá 1986, en hann var um 18% í fjölda. Samanlagt voru 6 ára fiskur (83 árg.) og eldri aðeins um 14% af fjölda fiska í afla 1989.



Mynd 2.14.1. KOLMUNNI. Heildaraflí árin 1977-1990 og meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 2.14.1. BLUE WHITING. Total landings 1977-1990 (upper line) and F_{4-8} during the same period.




Mynd 2.14.2. KOLMUNNI. Stærð heildarstofns og hrygningarstofns (fjögurra ára og eldri) árin 1977-1990 í milljónum tonna.

Fig. 2.14.2. BLUE WHITING. Total stock and spawning stock biomass (4^+) during the period 1977-1990 (million tonnes).

2.14.3 Stofnstærð

Við úttekt á kolmunnastofninum, sem gerð var í september 1990, komst kolmunnavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins að þeirri niðurstöðu að hrygningarstofninn hefði stækkað um 500 þús. tonn frá árinu 1988 til 1989. Aðalástæðan fyrir stækkun hrygningarstofnsins er 1986 árgangurinn sem er yfir meðallagi.

Hrygningarstofninn minnkaði stöðugt frá 1979-1984 og heildarstofninn frá 1979-1982. Er sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 bættust í stofninn stækkuðu bæði heildarstofninn (frá og með 1983) og hrygningarstofninn (frá og með 1985) og virðist sú þróun hafa haldið áfram a.m.k. fram til 1988. Vegna óvissu um stærð 1988 og 1989 árganganna er hins vegar talsverð óvissa í spánni um stærð stofnsins 1989 og 1990. Stærð heildar- og hrygningarstofns á árunum 1977-1990 er sýnd á mynd 2.14.2 og fjöldi nýliða af árgöngunum 1970-1989 er sýndur á mynd 2.14.3.



Mynd 2.14.3. KOLMUNNI. Stærð seiðaárganga 1970-1989 í milljónum.

Fig. 2.14.3. BLUE WHITING. Year classes 1970-1989 at age 0 (in millions).

TAFLA 2.14.1

Kolmunni. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (millj. tonna) 1992
Blue whiting. Projection of stock and spawning stock biomass (million tonnes) in 1992 for different management strategies.

1990					1991			1992	
Heildarstofn	Hrygnstofn	Afli		Veidiráðgjöf 1991	Heildarstofn	Hrygnstofn	Afli	Heildarstofn	Hrygnstofn
Total stock	Spawning stock	$F^{1)}$	Catch	F_{91}	Total stock	Spawning stock	Catch	Total stock	Spawning stock
7.5	5.1	0.16	0.63	0.13 = F_{89}	7.8	5.3	0.56	8.0	5.5
				0.16 = F_{90}			0.67	7.9	5.4
				0.26 = F_k			1.04	7.5	5.0
				0.28			1.11	7.5	5.0


1) F = veiðidánartala 4-8 ára kolmunna (F = fishing mortality of age groups 4-8)

Meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna var mjög lág, eða undir 0.1 á árunum 1970-1977. Eftir það jókst meðalveiðidánartalan hratt fram til 1981 (mynd 2.14.1), og hefur síðan verið á bilinu 0.13-0.37 (meðaltal = 0.24). Þetta er nálægt kjörsókn, sem er um 0.26 eins og sýnt er á mynd 2.14.4. Hafa ber í huga að allir útreikningar á afrakstri á nýliða í kolmunnastofninum eru mjög viðkvæmir fyrir sóknarmynstrinu í yngri árgangana þar sem þyngdaraukningin er mjög mikil fyrstu 2-3 árin.

2.14.4 Horfur og tillögur um hámarksafli.

Aflspár og þróun stofnstærðar fyrir árin 1991-1992 eru sýndar í töflu 2.14.1. Spárnar eru byggðar á úttekt kolmunnavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins frá því í september 1990 og í samræmi við skýrslu nefndarinnar (ICES C.M. 1991/Assess:2). Gert er ráð fyrir 21 milljarðs meðalnýliðun 1989-1992 en að 1988 árgangurinn sé töluvert minni (16.5 milljarðar) og að aflinn 1990 hafi orðið 630 þús. tonn, sem samsvarar veiðidánartölu $F = 0.16$. Með

sömu sókn 1991 yrði aflinn um 670 þús. tonn. Ef sóknin yrði sú sama og 1989 ($F = 0.13$) yrði aflinn um 100 þús. tonnum minni. Ekki breytir miklu hvað hrygningar- og heildarstofnstærð varðar hvor kosturinn er valinn. Í báðum tilvikum helst stofninn stöðugur (stækkar raunar aðeins). Vinnunefndin mælti því með að sóknin verði takmörkuð við $F = 0.16$ árið 1991 og að aflinn verði um 670 þús. tonn.



Mynd 2.14.4. KOLMUNNI. Afrakstur á nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 2.14.4. BLUE WHITING. Yield per recruit.

2.15 Humar


2.15.1 Veiðarnar 1990 og 1991

Á árinu 1990 var úthlutað tæpum 2.000 tonnum af humri til 67 báta. Aflinn varð hins vegar mun minni eða 1.692 tonn. Til samanburðar veiddust 1.866 tonn árið 1988, en með um 23% meiri sókn. Humarveiðar 1990 hófust 15. maí og stóðu til ágústloka. Gæftir voru góðar á þessu tímabili, mun betri en árin 1988 og 1989. Humaraflí og veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar á mynd 2.15.1 og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.15.1.

Á suðvesturmiðum (Miðnessjór-Selvogsleir) minnkaði humaraflinn verulega annað árið í röð eða úr 390 tonnum 1989 í aðeins um 215 tonn 1990. Afli á togtíma minnkaði einnig úr 33 kg í 29 kg á þessum tveimur árum. Óvenju léleg aflbrögð fyrst á vertíðinni áttu snaran þátt í þessum samdrætti árið 1990, sem að nokkru leyti kann að hafa átt rætur að rekja til óvenju lágs botnhita á þessum slóðum um vorið. Á miðunum við Eldey glæddist veiðin þó dálítið í júní-júlí, sem er óvenjulegt og rennir frekari stoðum undir þessa skýringu.

Auk hefðbundinna togveiða voru áfram stundaðar tilraunaveiðar á humri með gildrum og nam veiðin um 30 tonnum. Alls voru því veidd um 245 tonn af humri á suðvesturmiðum árið 1990.


Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar varð verulegur samdráttur í afla og veiddust aðeins um 300 tonn miðað við 635 tonn árið 1989. Að undanskildu smávegis viðbragði framan af vertíð í Háfadjúpi voru aflbrögð mjög léleg og minnkaði afli á togtíma úr 36 kg árið 1989 í 29 kg 1990.



Mynd 2.15.1. HUMAR. Heildarafli árin 1971-1990 og meðalveididánartala 6-13 ára humars sama tímabil.

Fig. 2.15.1. NEPHROPS. Nominal catch 1971-1990 (upper line) and F_{6-13} during the same period.

Eftir mikla lægð í humarveiðum á suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) árin 1988-1989, jókst humarafllinn verulega árið 1990 eða í tæp 1.150 tonn samanborið við 815 tonn árið áður. Afli á togtíma batnaði enn fremur um rúman fjórðung úr 38 kg í 48 kg. Þessi mikla aukning á rætur að rekja til góðrar veiði fyrstu vikunnar, einkum í Breiðamerkur- og Hornafjarðardjúpi. Kom þar til betri nýliðun en mörg undanfarin ár, enda var humarinn að sama skapi smár. Þetta leiddi þó til þess að meðalafli á togtíma á vertíðinni í heild varð 40 kg samanborið við 36 kg 1989.



Mynd 2.15.2. HUMAR. Spá um aldurs/lengdarskiptingu aflans á humarvertíðinni 1990 borin saman við aldurs/lengdarskiptingu aflans að vertíð lokinni.

Fig. 2.15.2. NEPHROPS. Prognosis of age/length distribution of the 1990 catch and the actual age/length of the catch.

Skipting humar aflans eftir svæðum á árunum 1970-1990 er sýnd í töflu 3.15.2 og eftir aldri árin 1971-1990 í töflu 3.15.3.

Á mynd 2.15.2 má sjá spá, sem gerð var fyrir humarvertíðina 1990 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) og til samanburðar aflann að vertíð lokinni. Hlutdeild


yngrri árganga, einkum 5-6 ára humars (árg. 1985 og 1984), varð nokkru meiri en gert var ráð fyrir, þar eð óvenju stór hluti aflans kom af suðausturmiðum þar sem mest hefur borið á þessum árgöngum til þessa.

TAFLA 2.15.1
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflaghámark, heildaraflamark skv. reglugerðum stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Nephrops. Recommended TAC by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	2.4	2.3	2.5	2.7	2.6	2.1	2.1	2.1
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	2.6	2.4	2.5	2.8	2.6	2.1	2.0	2.1
Afli alls - <i>Total landings</i>	2.5	2.4	2.6	2.7	2.2	1.9	1.7	-

Humarvertíðin 1991 hófst 14. maí og var alls úthlutað 2.100 tonnum til 67 báta. Eins og 1990 fóru veiðarnar vel að stað á miðunum fyrir Suðausturlandi en héldust áfram dræmar suðvestanlands. Á tilteknum svæðum, t.d. norður af Eldey, voru þó aflabrogð í upphafi vertíðar mun betri en árið 1990. Eins og gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu 1990, var hlutdeild árganga 1984 og 1985 mjög há í humarsýnum í maí 1991 og humarinn því í smærra lagi.

Tafla 2.15.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflaghámark, ákvörðun stjórnvalda og humarafla síðan 1984.




Mynd 2.15.3. HUMAR. Stærð humarárganganna 1964-1986. Fjöldi við áætlaðan 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.15.3. NEPHROPS. Year classes 1964-1986 at estimated age 5 (in millions).

2.15.2 Ástand stofnsins

Afli á sóknareiningu var yfirleitt góður allar vertíðirnar 1980-1987 (tafla 3.15.2), fyrst vegna sterkra árganga, áætlaða frá árunum 1971-1973, en síðari árin (1985-1987) vegna hárrar hlutdeildar árganga frá tímabilinu 1976-1979. Síðasttöldu árgangarnir komu sérstaklega vel

fram í veiðunum 1985-1987, m.a. vegna lítillar sóknar í þá fram til 1985 og óvenju góðra skilyrða til veiða á þessum árum.



Mynd 2.15.4. HUMAR.
Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) árin 1971-1991.

Fig. 2.15.4. NEPHROPS.
Fishable stock (6⁺) and large category (10⁺) biomass during the period 1971-1991.


Árið 1988 minnkaði humaraflinn verulega, bæði heildarafl og aflí á togtíma, mest á suðausturmiðum. Þetta leiddi til stóraukins sóknarþunga á önnur mið einkum þó frá Vestmannaeyjum að Selvogsbanka. Eins og að framan greinir minnkaði aflí og aflí á togtíma síðan enn frekar á árinu 1989.

Ástæður fyrir samdrætti í humarveiðunum árin 1988-1989 eru m.a. óhagstætt veðurfar. Þá var veiðin með mesta móti á suðausturmiðum 1986 og 1987 og við Vestmannaeyjar 1988, þannig að skarð var höggvið í eldri árganga stofnsins. Síðast en ekki síst hafa rannsóknir sýnt fram á að árgangar áætlaðir frá 1980-1982 virðast mjög slakir (mynd 2.15.3). Þetta hefur óhjákvæmilega leitt til lægðar í veiðistofninum á síðustu árum og minnkandi hlutdeildar af eldri humri (mynd 2.15.4).

Yngri árgangar, sem áætlaðir eru frá 1984-1985 og fyrst komu fram í veiðinni 1988, virðast hins vegar mun sterkari en þeir fyrrnefndu. Árin 1989-1990 jókst hlutdeild þeirra í aflanum þó langmest á austustu veiðisvæðunum, en að sama skapi næsta lítið á suðvesturmiðum (mynd 2.15.5). Árið 1990 jókst því aflí á togtíma einungis við Suðausturland vegna aukinnar nýliðunar en hélst áfram lélegur á öðrum svæðum vestar (tafla 3.15.2).

2.15.3 Horfur og tillögur um hámarksafla 1992

Humarveiðin hefur um langt árabil verið takmörkuð við sem næst kjörsókn í stofninn. Veiðidánartölur hafa því ekki orðið eins háar og mörg árin á áttunda áratugnum (mynd 2.15.1 og tafla 3.15.5). Þetta hefur m.a. stuðlað að stöðugri heildarafla og ekki hvað síst að mun hærri afla á sóknareiningu síðan 1980 að undanteknum árunum 1988-1990. Vegna mjög slakra árganga frá tímabilinu 1980-1982 og mikilla veiða, m.a. við Suðausturland 1986-1987 og Vestmannaeyjar 1988, hefur veiðistofninn (6 ára humar og eldri) verið í lægð síðastliðin ár (mynd 2.15.4 og tafla 3.15.4). Þetta hefur leitt til verulegs samdráttar í afla á sóknareiningu árin 1988-1990.



Mynd 2.15.5. HUMAR. Mismunur á aldrardeifingu í afla við Suðvestur- og Suðausturland 1988-1990. Árgangar áætlaðir frá 1984 og 1985 aðgreindir með dekkum súlum.
 Fig. 2.15.5. NEPHROPS. Variations in "age" composition of catches at SW and SE Iceland in 1988-1990. Year classes estimated from 1984 and 1985 darkened.


Smáhumar jókst verulega í aflanum á suðausturmiðum 1989-1990 vegna sterkari árganga frá 1984-1985 og leiddi það til aukins afla á togtíma 1990. Það veldur þó vissum áhyggjum að framangreindur bati sá ekki dagsins ljós á miðunum fyrir Suðvesturlandi.

Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að hinn lági botnhiti sem þar var vorið 1990 hafi dregið úr nýliðun auk þess sem vöxtur virðist að jafnaði hvað hægstur á vestustu útbreiðslusvæðum humarsins. Spá um aldersdreifingu humars í aflanum 1991 og 1992, sem gerð var áður en humarvertið hófst 1991, gerir þó ráð fyrir því að hlutdeild yngri humars muni einnig fara vaxandi á miðum fyrir Suðvesturlandi frá og með 1991 vegna batnandi nýliðunar (mynd 2.15.6).

TAFLA 2.15.2
Humar. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð humarstofnsins (tonn)
árin 1993-1994.
Nephrops. Projection of fishable stock biomass (tonnes) in 1993-1994 for
different management strategies.

1991				1992		1993		1994
Stofn 6+	F ¹⁾	Afli	Veiðiráðgjöf 1992-1993 Aflahámark TAC	Stofn 6+	F ¹⁾	Stofn 6+	F ¹⁾	
Stock 6+		Catch		Stock 6+		Stock 6+		
14.000	0.19	2.000 ²⁾	1.500	14.600	0.12	15.800	0.11	17.000
			2.000		0.17	15.300	0.16	16.000
			2.500		0.22	14.800	0.22	15.000

- 1) F = Veiðidánartala 6-13 ára. (F = Fishing mortality of estimated age groups 6-13.)
 2) Áætlaður ársaflí 1991. (Estimated landings 1991).




Mynd 2.15.6. HUMAR.
 Spá um
 alders/lengdardreifingu í
 aflanum 1991 og 1992.

Fig. 2.15.6. NEPHROPS.
 Prognosis of age/length
 distribution of the 1991 and
 1992 catches.

Í framreikningum á stofnstærð fram til 1994, sem sýndir eru í töflu 2.15.2 og á mynd 2.15.7, er gert ráð fyrir að nýir árgangar sem bætast í veiðistofninn á þessu tímabili verði af meðalstærð og að meðalþungi eftir aldri verði eins og í töflu 3.15.6. Niðurstöður byggjast þess vegna verulega á því að núverandi mat á stærð árganganna frá 1984 og 1985 gangi eftir.

Af þessu leiðir að verði humarveiðin 1992 svipuð og áætlaður afli 1991, þ.e. 2.000 tonn, mun veiðistofninn vaxa dálítið árin 1993-1994. Afli upp á 2.500 tonn, sem er líðlega meðal

ársveiði síðastliðins áratugar, myndi hins vegar leiða til þess að stofninn héldist áfram í líku horfi. Veiðidánarstuðlar færu hins vegar hækkandi.



Mynd 2.15.7. HUMAR. Stærð humarstofnsins árin 1980-1992 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1993-1994.

Fig. 2.15.7. NEPHROPS. Stock size (thous. tonnes) 1980-1992 and projection of stock biomass in 1993-1994 for different management strategies.

Með hliðsjón af þessu, leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafla verði takmarkaður við 2.000 tonn fiskveiðiárið 1991/92. Með því móti verða 1984 og 1985 árgangarnir nýttir til stækkunar veiðistofnsins á komandi árum með vaxandi hlutdeild stærri og verðmætari humars. Ef spár um batnandi nýliðun á svæðinu frá Reykjanesi til Vestmannaeyja frá og með 1991 ganga ekki eftir mun þurfa að endurskoða þessa tillögu eftir vertíðina 1991.

2.16 Rækja

2.16.1 Veiðarnar 1990-1991

Rækjuafli á grunnslóð jókst nokkuð árið 1990, og varð 5.243 tonn. Síðan árið 1988 hefur ársafla á grunnslóð aukist um tæp 1.500 tonn (tafla 3.16.1). Þessi aukna veiði er einkum til komin vegna sterks rækjuárgangs frá 1987, en sá árgangur hefur verið mjög áberandi í veiðinni í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa og Skagafirði undanfarnar þrjár vertíðir. Á ofangreindum svæðum gengu veiðarnar vel á vertíðinni 1990-1991, en á svæðinu við Eldey er ekki útlit fyrir nema litlar rækjuveiðar 1991.

Rækjuafli á úthafinu jókst heldur árið 1990, úr um 22 þús. tonnum 1989 í tæp 25 þús. tonn. Alls var 250 skipum úthlutað aflakvóta fyrir árið 1990, en 160 skip stunduðu veiðarnar. Er það nokkur fækkun frá árinu 1989 er 178 skip stunduðu þessar veiðar.


Heildaraflinn varð tæp 30 þús. tonn árið 1990 en var tæp 27 þús. tonn árið 1989 (mynd 2.16.1 og tafla 3.15.1). Tafla 3.16.1 sýnir heildarafla eftir svæðum árin 1984-1990.

2.16.2 Ástand rækju á grunnslóð 1991 og tillögur um hámarksafla 1992.

Rækjustofninn við Eldey er enn í lágmarki eftir hrunið árið 1988. Lítilsháttar veiðar voru stundaðar árið 1990 og lagt hefur verið til að afli fari ekki yfir 100 tonn 1991 (tafla 2.16.1).

Ekki eru fyrirsjáanlegar umtalsverðar breytingar á þessum miðum 1992.

Í norðurfjörðum **Breiðafjarðar** hefur verið lítilsháttar rækjuveiði undanfarin tvö ár og lagður hefur verið til 50 tonna hámarksafli fyrir 1991. Afli á sunnanverðum Breiðafirði og í Kolluál hefur aukist verulega frá árinu 1988, en þá var lægð í rækjuveiðum á þessum svæðum. Ekki er lagður til hámarksafli fyrir Breiðafjörð 1992, en mælt með að leyfa þar aðeins veiðar á tímabilinu apríl-júní eins og verið hefur.



Mynd 2.16.1. RÆKJA. Heildarrækjuafli 1964-1990 (heila línan). Slitna línan merkir afla á djúpslóð.

Fig. 2.16.1. PANDALUS. Landings at Iceland 1964-1990 (solid line) by years. The broken line represents landings from offshore areas.

Í **Arnarfirði** fór rækjustofninn vaxandi fram á síðastliðið ár og afli á sóknareiningu jókst (mynd 2.16.2). Gangur veiðanna veturinn 1990-91 bendir til þess að hámarki hafi verið náð. Sterku árgangarnir frá 1984 og 1985 eru nú lítið áberandi hlutfallslega og þar sem árgangurinn frá 1986 virðist mjög lítill, mun veiðin veturinn 1991-92 fyrst og fremst byggjast á árganginum frá 1987. Því er lagt til að hámarksafli í Arnarfirði fiskveiðiárið 1991-92 fari ekki yfir 600 tonn.


TAFLA 2.16.1

Eldeyjarrækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Pandalus at Eldey. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes)

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - Recommended TAC	1.5	1.5	1.5	1.0	-	-	-	0.1
Heildaraflamark - National TAC	1.8	1.7	1.7	1.0	-	-	-	-
Afli - Landings	1.8	1.7	1.7	0.6	-	-	-	-

Í **Ísafjarðardjúpi** hefur veiðistofn rækju og afli á sóknareiningu farið vaxandi vegna sterka árgangsins frá 1987. Undanfarin ár hefur rækjan verið fremur smá (tafla 3.16.3) enda hefur þessi árgangur, þótt ungur sé, verið uppistaðan í veiðinni tvær síðustu vertíðir. Þessi rækja er nú orðin fjögurra ára gömul og mun að miklu leyti bera uppi veiðina veturinn 1991/92. Það

má því gera ráð fyrir vænni rækju á næstu vertíð. Lagt er til að hámarksafli í Ísafjarðardjúpi fiskveiðiárið 1991/92 verði 2.500 tonn.



Mynd 2.16.2. RÆKJA. Afli á sóknareiningu á grunnslóð 1967-1990.

Fig. 2.16.2. PANDALUS. CPUE in inshore waters 1969-1990.

Rækjustofninn í Húnaflóa virðist nú vera að komast í þokkalegt horf. Veiðarnar gengu vel veturinn 1990/91 og varð heildaraflinn á vertíðinni um 2.000 tonn sem er yfir meðaltali síðustu tíu ára. Einnig hefur afli á sóknareiningu aukist (mynd 2.16.2). Eins og undanfarin ár var árgangurinn frá 1987 mjög áberandi í aflanum og ætla má að svo verði áfram veturinn 1991/92. Rækjan ætti því að verða heldur vænni á komandi vertíð en hún hefur verið undanfarin ár (tafla 3.16.3). Lagt er til að hámarksafli í Húnaflóa fiskveiðiárið 1991/92 verði 2.000 tonn.

TAFLA 2.16.2

Rækja innfjarða. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark stjórnvalda og afli (þús. tonn).
Innshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár ¹⁾	1983/84	1984/85	1985/86	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/91
Tillaga - Recommended TAC	5.2	5.2	4.7	1.9	3.4	3.5	4.2	6.4	5.5
Heildaraflamark - National TAC	5.7	5.4	4.7	2.0	3.8	3.8	4.5	6.5	-
Afli - Landings	5.7	5.4	4.7	2.0	3.8	3.8	4.5	6.5	-

¹⁾ Vertíðir (október-apríl). Seasons (October-April).

Í Skagafirði hefur afli stöðugt farið vaxandi frá því að veiðar hófust þar að nýju haustið 1988. Veturinn 1990/91 var veiðin á þessu svæði meiri en nokkru sinni fyrr, eða 502 tonn, og sömuleiðis afli á sóknareiningu sem varð 751 kg/klst. Rækjan var væn á síðustu vertíð og útlit er fyrir að þriggja og fjögurra ára rækja haldi uppi veiðinni næsta vetur. Lagt er til að leyfðar verði veiðar á 400 tonnum fiskveiðiárið 1991/92.

Í **Öxarfirði** voru leyfðar veiðar á 150 tonnum af rækju veturinn 1990/91, en þá hafði ekki verið veitt þar síðan vorið 1985. Lagt er til að hámarksafli í Öxarfirði fiskveiðiárið 1991/92 verði 200 tonn.

Meðalstærð rækju á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.16.3. Smæsta rækjan er yfirleitt innfjarða. Þó eru áraskipti á meðalstærðinni og breytist hún eftir styrk hinna ýmsu árganga sem geta verið mismunandi eftir svæðum.


Tafla 2.16.2 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvörðun stjórnvalda og rækjuafli innfjarða síðan 1983/84.

TAFLA 2.16.3
Rækja. Tillögur um aflahámark
Pandalus. Recommended TAC (tonnes)

Svæði <i>Area</i>	Veturinn 1991-1992 <i>Winter 1991-1992</i>
Arnarfjörður	600
Ísafjarðardjúp	2.500
Húnaflói	2.000
Skagafjörður	400
Öxarfjörður	200

Tillögur um hámarksafli á rækju á grunnslóð fiskveiðiárið 1991/92 eru sýndar í töflu 2.16.3. Ráðgert er að kanna innfjarðasvæðin áður en vertíðin 1991/92 hefst. Að þeim könnunum loknum verða tillögur um hámarksafli endurskoðaðar ef niðurstöður gefa tilefni til.

2.16.3. Úthafsækja



Mynd 2.16.3. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (A/S) á helstu úthafsækjussvæðunum 1974-1990.

Fig. 2.16.3. PANDALUS. CPUE in offshore areas 1974-1990.

Um miðjan síðasta áratug hófust úthafsækjuveiðar hér við land. Fram til ársins 1983 var úthafsækjuafllinn aðeins brot af heildarrækjuveiðinni (mynd 2.16.1). Veruleg umskipti urðu á árinu 1984 en þá fór úthafsækjuafllinn í rúm 16.500 tonn. Árið 1986 komst aflinn í 30 þús.

tonn og náði svo hámarki 1987 þegar tæp 35 þús. tonn veiddust. Árið 1989 varð úthafs-rækjuafllinn rúm 22 þús. tonn að Dohrnbanka meðtöldum, en jókst aftur árið 1990 í tæp 25 þús. tonn.

Miðin frá **Norðurkanti** að **Grímsey** eiga sér um 15 ára sögu í úthafs-rækjuveiðunum. Veiðin var þó fremur lítil framan af en komst í rúm 6 þús. tonn árið 1983. Árin 1984 og 1985 veiddust rúmlega 12 þús. tonn á þessum svæðum, um 17 þús. tonn árið 1986, tæp 25 þús. árið 1987 og tæp 21 þús. tonn árið 1988 (tafla 3.16.1). Á árinu 1989 var aflinn minni eða um 18 þús. tonn og um 19 þús. tonn árið 1990.

Afli á sóknareiningu, sem talinn er vísbending um ástand stofna, var um og yfir 150 kg á norðurmiðum þegar veiðar hófust en minnkaði síðan mjög ört (mynd 2.16.3). Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á stærð hinna hefðbundnu veiðisvæða, Norðurkantur - Grímsey. Afli á sóknareiningu fór minnkandi úr 93 kg/klst 1985 í 66 kg 1988 og hefur aldrei orðið minni. Afli á sóknareiningu var svipaður árið 1989 eða 68 kg, en jókst í 83 kg/klst árið 1990 (tafla 3.16.2).

Rækjuveiðar norðaustanlands á svæðunum frá **Sléttugrunni** að **Héraðsdjúpi** hófust í smáum stíl 1984. Þá voru veidd tæplega 1.900 tonn á þessum miðum og fékkst nær allur aflinn í **Héraðsdjúpi**. Gífurleg aukning varð síðan á veiðum þarna og árið 1986 fór aflinn upp í rúm 10 þús. tonn. Þetta orsakaðist bæði af auknum afla í Héraðsdjúpi en sérstaklega vegna veiða á nýjum miðum út af **Sléttu** og **Langanesi**. Um 2/3 hlutar aukins afla á djúpslóð árið 1986 fengust á þessum nýju miðum. Árið 1987 minnkaði afli í rúm 7 þús. tonn á svæðinu frá Sléttugrunni að Héraðsflóa. Sóknin minnkaði um meira en helming á árinu 1988 og enn meira árið 1989 þegar aflinn varð einungis 1.000 tonn. Á árinu 1990 varð aflinn rösklega 2 þús. tonn. Árin 1986 til 1988 fór afli á sóknareiningu minnkandi á norðausturmiðum úr 131 í 84 kg/klst. Afli á togtíma jókst í 101 kg árið 1989 og var svipaður 1990 eða 96 kg/klst.

TAFLA 2.16.4

Úthafs-rækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflagámark, heildaraflamark stjórnvalda og landaður afli (þús. tonn).
Offshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	-	-	-	30.0	30.0	20.0	22.0	28.0
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	-	-	-	33.4	30.0	20.9	24.6	-
Afli - <i>Landings</i>	16.6	17.2	30.4	33.4	24.5	20.9	24.6	-

Á **Tangaflaksmiðum**, (þar með talið Rauða torgið) jókst afli á sóknareiningu úr 60 kg árið 1989 í 97 kg/klst árið 1990 en árið 1988 fengust 102 kg á togtíma þarna. Heildarafli af þessu svæði hefur þó heldur minnkað frá því 1989.

Í **Kolluál** hefur afli á sóknareiningu aukist þrjú undanfarin ár úr 38 kg/klst 1988 í 81 kg/klst 1990 (tafla 3.16.2). Á sama tíma hefur aflinn á svæðinu vaxið úr um 580 tonnum í tæp 2.500 tonn. Svo mikill afli hefur ekki fengist úr Kolluál síðan árið 1984.

Athuganir á lengdardreifingu úthafs-rækju 1990 bentu til mjög góðrar nýliðunar af tveggja ára rækju (1988 árgangur) inn á úthafs-rækjusvæðin, einkum á Sporðagrunni, Skagafjarðardjúpi, Eyjafjarðarál, við Grímsey og við Sléttugrunn. Gagnstætt því sem var 1989 varð einnig vart við tveggja ára rækju á Norðurkanti og við Kolbeinsey en í minna mæli heldur en nær landi. Árið 1990 var fjöldi í kg 181 stk. á þeim miðum miðað við 150-160 stk. áður (tafla 3.16.3). Hin góða nýliðun mun væntanlega koma úthafs-rækjunni til góða á næstu árum og kemur sem viðbót við 1987-árganginn sem þegar hefur valdið auknum afla á togtíma á

úthafs-rækjuszvæðunum, einkum Norðurkanti. Eins og vanalega var smæsta rækjan við Grímsey. Í júlí 1990 var t.d. lokað talsverðu svæði norðaustur af Grímsey vegna smárækju. Fyrir utan miðin við Dohrnbanka er stærsta rækjan hins vegar á Tangaflaksmiðunum, Norðurkanti og við Kolbeinsey.

Þar sem afli á sóknareiningu er vísbending um stofnstærð, virðist stærð úthafs-rækjustofnanna hafa aukist á ný og má þakka það takmörkun sóknar árin 1988 og 1989. Einnig var mun minna af þorski á svæðunum fyrir norðan og austan land árin 1988 og 1989 heldur en nokkur undanfarin ár og er svo einnig nú. Ennfremur má nefna sterku rækjuárgangana frá 1987 og 1988 sem komið hafa fram á nær öllum miðunum fyrir norðan land.

Stofnmæling úthafs-rækju var gerð í fyrsta sinn sumarið 1987 og hefur síðan farið fram árlega á sama hátt með þeirri undantekningu að frá og með árinu 1988 nær stofnmælingin til nokkru stærra svæðis eða allra úthafs-rækjumíðanna fyrir Norður- og Austurlandi. Enda þótt ekki sé mikil reynsla af þessum mælingum eru niðurstöður þeirra í samræmi við aukinn afla á sóknareiningu (úr veiðiskýrslum) árið 1990 miðað við árin 1988 og 1989.

Af fyrrgreindum ástæðum var gert ráð fyrir að stofnstærð úthafs-rækju myndi aukast talsvert árið 1991. Í ljósi þessa lagði Hafrannsóknastofnunin til 28 þús. tonna heildarafla á árinu 1991 (tafla 2.16.4). Til bráðabirgða er lagt til að leyfilegur hámarksafli fiskveiðiárið 1991/92 verði óbreyttur (28 þús. tonn).

Ný stofnmæling úthafs-rækju hefst í júlí 1991 og mun standa yfir í u.þ.b. tvo mánuði. Að henni lokinni og með hliðsjón af upplýsingum um afla og sókn verður ástand úthafs-rækjustofnana metið og tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 1991/92 endurskoðaðar ef ástæða verður til.

2.17 Hörpudiskur

2.17.1 Veiðarnar 1990 og 1991

TAFLA 2.17.1.

Hörpudiskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflagámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og landaður afli (þús. tonn).
Iceland scallop. TACs recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991
<i>Tillaga - Recommended TACs</i>								
Breiðafjörður	11.0	11.0	10.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0
Alls (Total)	14.1	15.4	14.2	14.5	13.5	13.5	13.5	12.5
<i>Heildaraflamark - National TAC</i>								
Breiðafjörður	11.0	12.0	12.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0
<i>Afli - Landings</i>								
Breiðafjörður	11.9	12.1	12.7	11.1	9.8	10.1	10.1	-
Alls (Total)	15.6	17.1	16.4	13.3	10.1	10.8	12.4	-

Heildarafli hörpudisks árið 1990 varð 12.416 tonn, en árið 1989 veiddust 10.772 tonn. Hörpudisksveiðar hafa því aftur aukist eftir mikla lægð 1988-1989, sem rekja má til lágs markaðsverðs í Bandaríkjunum. Að veltu veiddist langmest í Breiðafirði eða rúm 10.000 tonn en um 1.200 og 700 tonn voru veidd í Húnaflóa og Ísafjarðardjúpi. Heildarafli á hörpudiski


ásamt aflanum í Breiðafirði árin 1969-1990 er sýndur á mynd 2.17.1 og tafla 3.17.1 tilgreinir aflann eftir svæðum og í heild.

Gert er ráð fyrir að hörpudiskafli árið 1991 verði ekki yfir 12 þús. tonn vegna minni hámarksafli í Breiðafirði.

Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark á hörpudiski, ákvörðun stjórnvalda og afli síðan 1984.

2.17.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga í Breiðafirði er talið að hörpudisksstofninn hafi minnkað um 30% frá því að hann mældist stærstur árin 1982-1983 og fram til 1988-1990 (mynd 2.17.2). Stofnmæling 1991 var framkvæmd í apríl sl. við betri skilyrði en mörg undanfarin ár. Hugsanlega hefur það átt nokkurn þátt í því að heildarstofninn mældist nú stærri en árin 1988-1990. Hafa skal þó í huga, að hækkun stofnvísitölunnar 1991 á rætur að rekja til aukinnar nýliðunar 55-70 mm hörpudisks en hlutdeild stærri og eldri einstaklinga í stofninum fer áfram minnkandi. Þannig virðist stofnstærð hörpudisks 70 mm og stærri hafa minnkað um 10% frá 1988 til 1991 og um 30-40% síðan árið 1983 eða nokkru meira en hjá stofninum í heild.



Mynd 2.17.1.
HÖRPUDISKUR.
Heildarafli 1969-1990 ásamt
aflanum í Breiðafirði
(brotna línan).


Fig. 2.17.1. ICELAND
SCALLOP. Total landings
during the period 1969-1990
along with the landings from
the Breiðafjörður area
(broken line).

Endurbætur sem orðið hafa í gerð hörpudisksplóga í tímans rás torvelda samanburð á afla á sóknareiningu, einkum þegar til lengri tíma er litið. Hjá staðbundinni tegund eins og hörpudiski getur tilfærsla í veiðum enn fremur leitt til óraunhæfs samanburðar á afla á sóknareiningu þótt um skamman tíma sé að ræða.

Eins og sjá má á mynd 2.17.2 virðist afli skelbáta á sóknareiningu hafa dregist saman í svipuðum mæli og stofnvísitala úr rannsóknaleiðöngnum frá árunum 1982-1983 og fram til 1988-1990 eða um 25-30%, enda þótt afli á veiðistund (þ.e. ein klst. við veiðar) hafi í raun minnkað minna vegna bættra veiðarfæra á þessu tímabili.

Í kjölfar fremur lítilla breytinga í afla á sóknareiningu árin 1988-1990, hefur orðið um 7% samdráttur fyrstu fjóra mánuðina 1991 miðað við sömu mánuði árið 1990. Á árinu í heild gæti því afli á sóknareiningu orðið um 880 kg samanborið við 945 kg árið 1990. Þetta má einkum rekja til minnkandi hlutdeildar af eldri skel í stofninum í Breiðafirði, þar sem nýliðun virðist hins vegar með besta móti.

Í Arnarfirði varð afli á veiðistund um 325 kg árið 1990 en hann var 225 kg árið 1987 þegar síðast voru stundaðar veiðar á þessu svæði. Samkvæmt stofnmælingu í mars 1991 virðist stofninn heldur að rétta við eftir lægð í kjölfar mikilla veiða árin 1981-1986.



Mynd 2.17.2.
HÖRPUDISKUR.
Samánburður á stofnvísitölu (V) hörpudisks frá rannsóknnum á Breiðafirði og afla á sóknareiningu (A/S) hjá skelbátum á sama svæði árin 1977-1991.

Fig. 2.17.2. ICELAND SCALLOP. Stock size index (V) for Iceland scallop in Breiðafjörður and CPUE (A/S) from scallop boats in the same area during 1977-1991.

Afli á veiðistund í Ísafjarðardjúpi var um 385 kg árið 1990 samanborið við 435 kg 1989. Fyrstu mánuði ársins 1991 varð frekari samdráttur í afla á veiðistund niður í um 360 kg. Miðað við niðurstöður stofnmælingar í Ísafjarðardjúpi í árslok 1990 virðist mega rekja minnkandi afla á sóknareiningu til of mikilla veiða 1990.

Í Húnaflóa var afli á veiðistund um 460 kg árið 1990 samanborið við 505 kg 1989, en veiðar það ár voru að vísu mjög litlar. Afli á veiðistund 1990 er hins vegar nánast sá sami og 1987 þegar hlé var gert á veiðum í Húnaflóa sem og víðar.

2.17.3 Tillögur um hámarksafli 1992

Vegna minni afla á sóknareiningu í Breiðafirði það sem af er árinu 1991 og samdráttar í stofnstærð eldri hörpudisks (70 mm og stærri), er lagt til að leyfilegur hámarksafli þar fari ekki fram úr 8.500 tonnum árið 1992. Til samánburðar voru lagðar til veiðar á 9 þús. tonnum árið 1991. Ennfremur skal stefnt að því að veiðin skiptist eftir svæðum með þeim hætti að 60-65% aflans komi af suðursvæðum. Með þessu móti er stefnt að því að nýta sem best þá góðu nýliðun sem nú virðist vera fyrir hendi í stofninum, þannig að eldri og verðmætari hluti stofnsins eflist.

Í Arnarfirði er lagður til 400 tonna hámarksafli 1992, sem er óbreytt frá 1991, og í Ísafjarðardjúpi 500 tonn eða sama og 1991. Í Ísafjarðardjúpi er lögð rík áhersla á að draga úr sókn, en þar voru veiðd 700 tonn árið 1990. Hörpudisksstofnar hafa ekki verið mældir á

öðrum svæðum árin 1990 og 1991, þannig að tillögur um veiðar 1992 eru ekki lagðar fram að þessu sinni nema fyrir Húnaflóa og Norðurstrandir, þar sem mælt er með til bráðabirgða 1.800 tonna hámarksafla.

TAFLA 2.17.2
Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafla á helstu miðum árið 1992.
Iceland scallop. TAC recommended for 1992.

Mið/Area	Afli (tonn)/TAC (tonnes)
Breiðafjörður	8.500
Arnarfjörður	400
Ísafjarðardjúp	500
Húnaflói og Norðurstrandir	1.800

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla á hörpudiski árið 1992 á hinum ýmsu miðum eru sýndar í töflu 2.17.2

2.18 Hvalir

2.18.1 Hvalveiðar við Ísland undanfarin ár og áratugi

Hvalveiðibann

Árið 1986 urðu þáttaskil í hvalveiðum hér við land þegar ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni fyrir árin 1986-1990 gekk í gildi. Engar veiðar á hrefnu hafa því verið stundaðar frá lokum vertíðar 1985, en takmarkaðar veiðar á lang- og sandreyði voru stundaðar í rannsóknaskyni samkvæmt leyfi stjórnvalda og í samræmi við ákvæði hvalveiðiráðsins árin 1986-1989. Árin 1990-1991 voru hins vegar engar hvalveiðar stundaðar frá Íslandi, í fyrsta sinn í 42 ár.

Veiðar á stórhvölum

Stórhvalaveiðar hafa verið stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld. Veiðarnar voru stundaðar frá stöðvum á Vestfjörðum og Austfjörðum um aldamótin allt til ársins 1915 að Alþingi bannaði þær. Hvalveiðar voru stundaðar frá Tálknafirði árin 1935-1939, en eftir síðari heimsstyrjöld hafa veiðarnar takmarkast við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði frá árinu 1948. Lengst af hafa fjögur skip verið að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september frá Hvalfjarðarstöðinni.

Alls voru veidd 14.519 stórhveli árin 1948-1985, þar af 8.888 langreyðar eða 61% veiddra dýra, 2.886 búrhalir eða 20%, 2.576 sandreyðar eða 18%, auk 163 steypireyða, sem veiddar voru fram til ársins 1959 og 6 hnúfubaka (veiddur síðast 1954). Að meðaltali voru því veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948-1985 og 82 búrhalir árin 1948-1982 (friðaður í Norður Atlantshafi frá 1982). Árin 1986-1989 voru veiddar alls 292 langreyðar og 70 sandreyðar í rannsóknaskyni (tafla 3.18.1).

Hrefnuveiðar

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Þessar veiðar voru þó lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Síðustu tvo áratuginna fyrir veiðibannið var ársveiðin hér við land þó rúmlega 200 dýr, þar af veiddu Íslendingar 150-160 dýr. Á árunum 1977-1985 ákvarðaði hvalveiðiráðið árlega veiðikvóta fyrir

svæðið Austur- Grænland - Ísland - Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga.

2.18.2 Hvalrannsóknir

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims, sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni árin 1986-1989 samkvæmt áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar um viðtækar hvalrannsóknir.

Rannsóknir þessar miðuðust við að efla þekkingu á ástandi og veiðipoli hvalastofna við Ísland og að kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land. Þær fólust m.a. í skipulegri talningu hvala árin 1986, 1987 og 1989. Samstarf var við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf í tveimur stórum leiðöngrum, sem tóku til hafsvæðisins frá Vestur-Grænlandi að ströndum Noregs og frá Svalbarða að ströndum Spánar, þar sem mest voru 15 skip og 2 flugvélar samtímis við talningu. Af hálfu Íslands tóku þrjú skip og ein flugvél þátt í verkinu sumarið 1987 og fjögur skip sumarið 1989. Við talninguna fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknasvæðinu, ekki síst hvað viðkemur hvalastofnum, sem nýttir hafa verið hér við land á undanförunum áratugum.

Í tengslum við rannsóknaveiðarnar voru auk þess gerðar athuganir á líffræði stórhvala, aldri þeirra, viðkomu, orkubúskap og erfðamörkum. Þannig fengust mikilsverðar upplýsingar um sveiflur í viðkomu og vexti, orkuþörf og fæðunám og stofnerfðafræði. Einnig voru gerðar ýmsar aðrar rannsóknir til þess að mæla veiðipól hvalastofna.

2.18.3 Heildarúttekt

2.18.3.1 Hrefna

Í samræmi við ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um heildarúttekt á ástandi hvalastofna heims var gerð úttekt í hrefnustofnum í Norður Atlantshafi á ársfundi vísindanefndar ráðsins í júní 1990.

Stofnmörk

Samkvæmt skilgreiningu hvalveiðiráðsins er hrefnum í Norður-Atlantshafi skipt á fjögur stjórnunarsvæði; 1) austurströnd Kanada; 2) Vestur-Grænland; 3) Austur- Grænland - Ísland - Jan Mayen (Mið-Atlantshafsstofn); og 4) norðaustur stofn (Barentshaf og austurströnd meginlands Evrópu). Skipting þessi var fyrst og fremst byggð á helstu veiðisvæðum undanfarna áratugi.

Við úttektina voru hins vegar könnuð gögn um merkingar og endurheimtur hrefnu á síðustu árum, útlitseinkenni á mismunandi hafsvæðum og samsetningu erfðaefnis. Samkvæmt erfðagögnum varð niðurstaðan að um a.m.k. þrjá stofna væri að ræða, og að gera ætti ráð fyrir þremur stofnum sem blandast lítið ef nokkuð á ætistöðvunum að sumarlagi. Gert var ráð fyrir að hver stofneining hefði höfuðútbreiðslu á hvalveiðimiðunum við Vestur-Grænland, Ísland og Norður/Vestur-Noreg, enda þótt nákvæm stofnmörk væru ekki kunn. Munur fannst í erfðamörkum milli þessara þriggja svæða.

Stofnstærð

Vísindanefndin lagði talningarnar 1987 og 1989 til grundvallar við mat á stofnstærð hrefnu á hverju svæði fyrir sig. Samkvæmt talningu Íslendinga og Norðmanna á Mið-Atlantshafssvæðinu voru um 28.000 hrefnur á þessu svæði, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu, og féllst nefndin á þessar niðurstöður.

Ástand og veiðipól - tillögur um veiðikvóta

Helstu niðurstöður vísindanefndarinnar voru þær að veiðar á hrefnu á Mið-Atlantshafs stofnsvæðinu hefðu engin teljandi áhrif haft á ástand stofnsins á s.l. áratugum. Samkvæmt nýjum útreikningum er stofninn nú að öllum líkindum meira en 72% af stofnstærðinni fyrir 50 árum síðan og flokkast því sem lítt eða vannýttur stofn ("Initial Management Stock") samkvæmt skilgreiningu hvalveiðiráðsins.

Vísindanefndin fjallaði ennfremur um sérstaka fyrirspurn íslenskra stjórnvalda um hugsanleg áhrif veiða á 200, 300 og 400 dýrum á ári tímabilið 1991-1995. Ekki fékkst einróma svar nefndarinnar við þessari spurningu, þar sem nokkrir nefndarmanna létu í ljós þá skoðun að ekki bæri að veita ráðgjöf um veiðipól stofna fyrir en nýtt og endurskoðað kerfi við útreikninga á veiðikvótum tæki gildi. Af útreikningum nefndarinnar er þó ljóst að ástand stofnsins er gott og að veiðar á t.d. 200 dýrum á ári næstu 5 árin hefðu afar lítil áhrif á stofnstærðina, jafnvel svo að varlega ætlað myndi stofninn haldast ofan við 78-79% af stærð stofnsins árið 1940.

Á fundum hvalveiðiráðsins árin 1990 og 1991 var óskum Íslendinga um takmarkaðan veiðikvóta hins vegar alfarið hafnað, en síðara árið gerði tillaga Íslands ráð fyrir veiði á 158 hrefnum árið 1991 (sjá síðar). Þetta er vel innan við 2% af áætlaðri stærð hrefnustofnsins á íslenska strandsvæðinu og innan við 1% af heildarstofnstærð, sem hvort tveggja er vel innan afrakstursgetu hrefnustofnsins.

2.18.3.2 Langreyður

Þó upphaflega væri gert ráð fyrir því að heildarúttekt á ástandi hvalastofna heims lyki árið 1990 vantaði nokkuð á að svo yrði. Starfinu hefur þó miðað nokkuð áfram og í febrúar 1991 var haldinn í Reykjavík sérstakur fundur Vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins um ástand langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi.


Stofnmörk

Á fundi vísindanefndarinnar í Reykjavík var aðgreining langreyða á Norður-Atlantshafi í stofna rædd ítarlega, en Alþjóðahvalveiðiráðið hefur s.l. 15 ár miðað við 7 stjórnunarsvæði: 1) Nova Scotia svæðið; 2) Nýfundnaland-Labrador; 3) Vestur-Grænland; 4) Austur-Grænland - Ísland; 5) Norður-Noregur; 6) Vestur-Noregur/Færeyjar; og 7) hafsvæðið undan ströndum Bretlandseyja, Spánar og Portúgal. Fyrir lágu ýmsar nýjar upplýsingar um þetta atriði, þar sem m.a. var stuðst við rannsóknir Íslendinga á erfðaefni langreyða við Spán og Ísland, sem sýna marktækan mun á milli svæðanna. Athuganir á merkingum og endurheimtum hvalmerkja, auk athugana á útlitseinkennum langreyða, leiða til sömu niðurstöðu.

Athuganir Hafrannsóknastofnunarinnar á endurheimtum hvalmerkja í Norður-Atlantshafi sýndu jafnframt, að samgangur stofnanna á norðvestanverðu Atlantshafi og við Ísland er afar takmarkaður og var tekið mið af þessu. Ekkert bendir heldur til blöndunar milli langreyðar við Ísland og í norðaustanverðu Atlantshafi, enda benda upplýsingar um göngur sömu dýra á sömu slóð ár eftir ár til marktæks vals þeirra á tilteknum svæðum. Hafrannsóknastofnunin taldi því eðlilegast að stjórna veiðum hér við land á grundvelli núverandi skilgreiningar Alþjóðahvalveiðiráðsins á Austur- Grænlands - Íslands stofninum. Ekki náðist samstaða um þetta atriði í vísindanefndinni og voru jafnvel uppi raddir um að líta á allt norðaustanvert Atlantshaf sem eitt stofnsvæði. Engar upplýsingar liggja til grundvallar slíkum hugmyndum, auk þess sem ördugt reyndist á fundinum að koma veiðigögnum heim og saman svo unnt væri að gera nauðsynlega útreikninga í þessu tilliti.

Breytingar á kynþroskaaldri langreyðar

Fyrir um 10 árum síðan leiddu athuganir á þéttingu vaxtarlaga í eyrnamerg í ljós lækkun á kynþroskaaldri (aukinn vaxtarhraða) í árgöngum fæddum á tímabilinu 1950 til 1970 (kynþroskaaldur lækkaði úr 11 árum í 6-7 ár). Nokkrar efasemdir voru um það hvort hér væru á ferðinni raunverulegar breytingar á vexti eða mæliskekkiur í gögnum. Nýlegar athuganir Hafrannsóknastofnunarinnar, sem byggjast á beinum mælingum á kynþroskaaldri veiddra dýra á tímabilinu 1967 til 1989, sýna hins vegar meðaltalshækkun kynþroskaaldurs (hægari vöxt) hjá báðum kynjum frá 6-7 árum í 9-11 ár. Athuganir á þéttingu vaxtarlaga í eyrnamerg í árgöngum eftir 1970 sýna sömu þróun í stofninum (mynd 2.18.1), þannig að fyrri niðurstöður um lækkun kynþroskaaldurs fyrr á árum eiga fyllilega við rök að styðjast.



Mynd 2.18.1. LANGREYÐUR. Breytingar á kynþroskaaldri í langreyði vestan við Ísland út frá þéttingu vaxtarlaga í eyrnamerg.

Fig. 2.18.1. FIN WHALES. Changes in age at maturity in fin whales west of Iceland, based on transition layers in ear plugs.

Mikilvægt er að samstaða náðist á fundi vísindanefndarinnar um niðurstöður þessara rannsókna. Breytingar á kynþroskaaldri benda til breyttra vaxtarskilyrða langreyðar á undanförunum áratugum, og nú síðustu árin til aukinnar samkeppni langreyða og annarra dýrastofna um fæðu á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum, þó gögn þar að lútandi séu af skornum skammti. Ekki hefur fyrr verið sýnt fram á hækkun kynþroskaaldurs í stórhvalastofni í kjölfar lækkunar kynþroskaaldurs eins og hér hefur verið gert.

Stofnstærð


Vísindanefndin staðfesti fyrri niðurstöður langreyðatalningar Hafrannsóknastofnunar frá árinu 1987 og yfirför útreikninga á fjölda langreyða frá sumrinu 1989. Nefndin féllst á að samkvæmt þessu væru um 15.600 langreyðar á hafsvæðinu Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50° N (mynd 2.18.2).

Ástand og veiðipól - tillögur um veiðikvóta

Samband afla og sóknar í langreyðarveiðinni hefur verið kannað með athugunum á leiðarþókum hvalskipanna og úthaldi þeirra. Þannig hefur verið unnt að áætla fyrir hvert ár

meðalfjöldi leitarklukkustunda á hvern veiddan hval (þ.e. afla á sóknareiningu), sem ætla má að gefi hugmynd um fjölda hvala á miðunum hverju sinni og um hugsanlegar langtímabreytingar á stofnstærð. Á mynd 2.18.3 er sýndur fjöldi leitarklukkustunda við veiðar á fyrstu langreyði í veiðiferð 10. júní-20. júlí árin 1962 - 1989. Á þessu tímabili hefur verið nær óbreyttur floti að veiðum (fjögur skip öll árin nema 1984 og 1985 þrjú skip, og 1986-1989 tvö skip). Þegar á heildina er litið hefur ekki orðið vart tölfræðilega marktækra breytinga á sambandi afla og sóknar.

Ekki náðist samstaða innan vísindanefndarinnar um áætlað veiðipól langreyða á Norður-Atlantshafi, hvorki hér við land eða annars staðar. Útreikningar sýndu þó (Hitter-Fitter líkan), að stofnarnir við austurströnd Norður-Ameríku eru vel á sig komnir og við Spán er ástandið allgott. Séu stofnarnir við Noreg og Færeyjar skoðaðir sér, er ástand þeirra afar bágborið.




Mynd 2.18.2. LANGGREYÐUR. Útbreiðsla langreyðar (hópar) í leiðöngrum fjögurra íslenskra talningarskipa sumarið 1989. Leitarleið við góð skilyrði sýnd með brotinni línu.

Fig. 2.18.2. FIN WHALES. Distribution of fin whales (groups) during July-August 1989 onboard four Icelandic survey vessels; effective track shown by broken line.

Þegar allt núverandi stofnsvæði langreyðar hér við land (Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen) var skoðað, sýndu útreikningar gott ástand. Ítarleg úttekt hlutlausra aðila á afrakstursgetu langreyðar á þessu svæði sýnir svo ekki verður um villst, að stofninn þolir umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100-200 hvali á ári og líklega yfir 200 á ári. Ástandið var hins vegar lakara ef allt svæðið austan Hvarfs og norðan Bretlandseyja var skoðað sem heild, enda ekki vart mikillar hvalagengdar á fornum veiðislóðum við Bretlandseyjar, Noreg og Færeyjar í nýlegum talningaleiðöngrum. Erfitt er því að skýra mikla hvalagengd við strendur Íslands ef aðeins einn stofn er á öllu svæðinu, enda slíkt ekki sennilegt eins og að ofan greinir.

Ekki náðist samstaða um veiðikvóta eða flokkun einstakra stofna þó Hafrannsóknastofnunin telji að fyrirliggjandi gögn gefi fyllilega tilefni til þess. Nokkrir nefndarmenn létu jafnvel í ljós þá skoðun að ekki væri rétt að veita neina ráðgjöf um veiðar fyrr en að lokinni endurskoðun á núverandi kerfi við útreikninga á veiðikvótum eins og fyrr er getið. Nefndin lagði þó ekki til breytingar á núverandi flokkun Alþjóðahvalveiðiráðsins á stofninum hér við land ("Sustained Management Stock", þ.e. nýtanlegur stofn).

Með tilliti til niðurstöðu vísindanefndarinnar varðandi veiðipól langreyðar og þeirri staðreynd, að nýtt veiðstjórnunarkerfi (þ.m.t aðferð við útreikninga á veiðikvóta) hefur enn ekki verið samþykkt af Alþjóðahvalveiðiráðinu, fór Sjávarútvegsráðuneytið þess á leit við Hafrannsóknastofnunina, að kannaðir yrðu möguleikar á þróun bráðabirgðakerfis til ákvörðunar veiðikvóta fyrir langreyði hér við land sumarið 1991 og næstu ár, eða þar til ný skipan mála hefði verið ákveðin af ráðinu. Bráðabirgðakerfið skyldi ekki stefna að hámarks afrakstri hvalastofnsins heldur hóflegri nýtingu, sem tryggði vöxt hans á tímabilinu.



Mynd 2.18.3.
LANGREYÐUR. Afli á
sóknareiningu í veiðinni
vestur af Íslandi, mældur
sem fjöldi fyrstu langreyða í
veiðiferð á leitarklst., 10.
júni-20. júlí árin 1962-1989.

Fig. 2.18.3. FIN WHALE.
Catch per unit of effort for
fin whales caught west off
Iceland, measured as
number of animals caught as
first fin whale in trip per
searching hour during 10
June - 20 July 1962-1989.


Hafrannsóknastofnunin kynnti tillögu að kerfi, sem miðaði við að afli á tímabilinu yrði 1% af heildarfjölda langreyða á svæðinu Austur-Grænland - Ísland - Jan Mayen, eða 2% af fjöldanum vestan við Ísland, eða þá tölu sem lægri reyndist (svipað kerfi var lagt til fyrir hrefnu við Ísland). Tillagan fékkst ekki rædd á ársfundi vísindanefndarinnar í maí 1991 af sömu ástæðum og fyrr er greint frá. Engu að síður gerðu stjórnvöld tillögu á fundi ráðsins stuttu síðar um veiðikvóta samkvæmt þessu og nam 92 langreyðum. Þessari tillögu um bráðabirgðakvóta var hafnað.

2.18.3.3 Aðrir stofnar

Ekki hefur enn verið gerð samsvarandi úttekt á öðrum stofnum hvala hér við land. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar úr talningaleiðöngnum og öðrum rannsóknum stofnunarinnar á undanföllum árum, sem gefa til kynna ástand nokkurra þeirra.

Sandreyður

Í talningunni 1989 var lögð áhersla á sandreyði, því ekki hafði tekist að reikna út stærð stofnsins út frá talningagögnum frá 1987. Samkvæmt útreikningum voru um 10.800 sandreyðar á leitarsvæði íslensku skipanna sumarið 1989, en aðeins örfá dýr á öðrum svæðum. Ljóst er að þegar talningin fór fram (10. júlí-14. ágúst 1989) var sandreyður ekki gengin inn á miðin vestan við landið, en hélt sig enn að mestu djúpt suðvestur af landinu (mynd 2.18.4).



Mynd 2.18.4. SANDREYÐUR.
Útbreiðsla sandreyðar (hópar) í
leiðöngurum fjögurra íslenskra
talningaskipa sumarið 1989.
Leitarleið við góð skilyrði sýnd með
brotinni línu.

Fig. 2.18.4. SEI WHALES.
Distribution of sei whales (groups)
during July-August 1989 onboard four
Icelandic survey vessels; effective track
shown by broken lines.

Hnúfubakar og steypireyður

Samkvæmt talningunni 1987 voru rétt innan við 2.000 hnúfubakar á íslenska hafsvæðinu. Þetta er í góðu samræmi við erlendar athuganir, sem benda til þess að stofninn á Norður-Atlantshafi hafi nánast rétt úr kútnum eftir ofveiðar aldamótaáranna. Ekki liggur enn fyrir áætlun um stofnstærð steypireyðar á Norður-Atlantshafi. Niðurstöður talninga benda til þess að stofninn hér við land sé ennþá fjarri því sem hann var fyrir aldamótin, er stórtækar veiðar áttu sér stað, þó hann teljist engan veginn í útrýmingarhættu.


Í þessu tilliti eru nýlegar athuganir á talningagögnum, sem aflað hefur verið með reglubundnum hætti um borð í hvalskipum vestan við landið allt frá því laust fyrir 1970, afar athyglisverðar. Athuganir þessar sýna að á umræddu tímabili hefur steypireyði fjölgað að jafnaði um 5% á ári s.l. 20 ár og hnúfubak mun meira eða 10-14% (mynd 2.18.5). Báðar þessar tegundir hafa verið friðaðar hér við land um áratuga skeið. Svo virðist sem þessar mælingar sýni raunverulega aukningu í steypireyðarstofninum. Aukningin er án efa a.m.k. jafnmikil hjá hnúfubak þó ekki sé útilokað að breyting á útbreiðslu tegundarinnar eigi nokkurn hlut að máli.

Búrhvalur

Í allt sáust 108 búrhvalir á íslenska talningasvæðinu sumarið 1987 og 170 árið 1989. Ljóst er því að umtalsverð mergð þessarar hvalategundar er á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum. Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra. Munu búrhvalir þó vafalítið skipta nokkrum þúsundum á athugunarsvæðinu. Þessi hvalategund er eina tannhvalstegundin sem telst til eiginlegra stórhvela. Engar veiðar hafa verið stundaðar á búrhval við strendur Íslands síðan 1982.

2.18.4 Framtíðarhorfur

Nú er sandreyður eina skíðishvalategundin, sem nýtt hefur verið hér við land og enn hefur ekki verið fjallað sérstaklega um í tengslum við heildarúttekt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þess er vænst að slík úttekt verði gerð eigi síðar en árið 1992.



Mynd 2.18.5.
HNÚFUBAKUR OG
STEYPIREYÐUR.
Reglubundnar talningar
(fjöldi hvala/dag) á
hnúfubak og steypireyði á
hvalskipum vestan Íslands
árin 1969-1988.

Fig. 2.18.5. HUMPBACK
AND BLUE WHALES.
Sightings of humpbacks
(dotted) and blue whales
(solid) - no. of animals per
day of operation - made on
board whaling vessels during
1969-1988.

Það er hins vegar ljóst, að ráðið er ekki reiðubúið að fallast á veiðikvóta fyrr en nýjar kvótareglur hafa verið samþykktar, en ráðið hafnaði í maí 1991 tillögu vísindanefndarinnar að nýju kerfi og óskaði eftir endurskoðaðri tillögu. Vísindanefndin hefur nú unnið að mótun tillagna um nokkurra ára skeið og er ekki enn séð hvenær þær koma til lokaafgreiðslu ráðsins. Það mun þó ekki verða fyrr en í fyrsta lagi 1992 eða 1993. Að öllu óbreyttu, þar með talin áframhaldandi aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu, er því útséð um að hvalveiðar hefjist hér við land árið 1992. Hversu langt væntanlegar reglur um veiðikvóta ganga í friðunarátt og almenn afstaða Íslands til Alþjóðahvalveiðiráðsins mun því hafa úrslitaáhrif um framtíð hvalveiða á Íslandsmiðum.

2.19 Selir

2.19.1 Selveiðarnar

Selveiðin árin 1982-1989 var á bilinu 3.422-6.450 dýr (tafla 3.19.1). Mest veiddist af vorkópum fyrst á þessu tímabili, en seinni árin hefur veiðin skipst nokkuð jafnt á milli vorkópa, haustkópa, fullorðinna landsela og fullorðinna útsela. Veiðarnar á árinu 1990 urðu alls 2.456 selir, sem skiptist í 546 vorkópa, 1.085 haustkópa, 219 fullorðna landseli og 585 fullorðna útseli. Af öðrum tegundum veiddist alls 21 selur. Þetta er talsvert minni veiði en árið 1989. Líklega verður veiðin 1991 um 1.000 haustkópar og 1.000 fullorðnir útselir.

2.19.2 Ástand selastofna við Ísland

2.19.2.1 Landselur

Talning landsela úr lofti árið 1990 fór fram í ágúst og september. Niðurstöður gefa til kynna að fyrra álit um fækkun í landselastofninum sé rétt, en honum virðist hafa fækkað um 7% á ári að meðaltali á tímabilinu 1980 til 1990.

Erfitt er að segja til um hversu mikill hluti landsels er veiddur og hvað hefur drepist af náttúrulegum orsökum. Miðað við óbreytta frjósemi, þurfa dauðsföll að minnka verulega til þess að landsel fjölgi og stofninn nái svipaðri stærð og áður. Talið er að landselastofninn myndi standa í stað ef einungis væru stundaðar kópaveiðar þannig að heildardánartala kópa yrði 72%.

Vegna þess að Hringormanevnd hefur hætt greiðslum fyrir landsel, er búist við að stofninn vaxi á ný, eða standi a.m.k. í stað, eftir því hvað miklar kópaveiðarnar verða. Ef vorkópaveiðar verða svo til engar á næstu árum, gæti landselastofninn vaxið um 8% á ári og náð fyrri stærð á u.þ.b. 9 árum. Er þá gert ráð fyrir því að 66% kópa lifi af fyrsta árið og að lífslíkur eftir það séu 90%. Slík stækkun stofns er ekki óþekkt hjá landsel og hefur t.d. landselastofninn í Kattegat og Skagerak vaxið um 13% árlega á tímabilinu 1970-1986.

2.19.2.2 Útselur

TAFLA 2.19.1

Kópanyliðun og stofnstærð útsels við Ísland, 1982-1990. Reiknað er með því að fjögur árgömul dýr og eldri standi að baki hverjum kópi.
Estimates of grey seal pup production by areas and population size of grey seals in Icelandic waters.

Ár Year	SV-strönd SW-coast	V-strönd W-coast	NV-strönd NW-coast	S-strönd S-coast	Stofn Total
1982	365	1.218	616	490	11.000
1985	196	-	-	693	-
1986	341	1.485	403	689	12.000
1988	-	-	137	540	-
1989	233	1.435	-	690	-
1990	307	1.091	1.004	632	12.500

Talning útselskópa úr lofti haustið 1990 bendir til þess að nýliðun hafi verið 3.100 dýr og stofnstærð 12.500 dýr árgömul og eldri. Útselastofninn hefur því vaxið um 2% árlega miðað við fyrri talningar. Fjöldi haustkópa hefur minnkað eða staðið í stað frá því fyrst var talið í Faxaflóa og Breiðafirði, en aukist á Ströndum og söndunum í Örafum (tafla 2.19.1).

Líkleg áhrif mismunandi veiðimynsturs á útselastofninn eru sem hér segir:

- Miðað við enga veiði og náttúruleg afföll, stækkarstofninn um 8% á ári.
- Við sambærilega veiði og árin 1982-89, helst stofnstærð óbreytt.
- Ef veiðar á fullorðnum útsel yrðu auknar um 5% að jafnaði miðað við veiðarnar 1982-89 en kópaveiðum hætt, myndi stofninn minnka sem nemur 4% árlega.

- Haustkópaveiðar þurfa að vera mjög miklar (yfir 90% af fjölda fæddra kópa), til þess að þær einar hafi teljandi áhrif á stofninn þegar til lengri tíma er litið. Á undanförunum árum hafa einungis verið veiddir um 1.000 útselskópar eða þriðjungur af nýliðun.

Þess má geta, að útselastofnarnir við Bretlandseyjar og austurströnd Kanada eru mjög vaxandi, eða um 8-13% á ári. Ekkert mælir á móti því að íslenski útselastofninn geti fjölgaði sér sambærilega ef ekki væri veitt úr honum.

3. Tölur
Tables

TAFLA 3.1

Umhverfisþættir í maí-júní 1952-1991.
Environmental factors in May-June 1952-1991.

Ár Year	Siglunes				Látrabjarg
	Hitafrávik Temp. dev. 0-200 m $\Delta t^{\circ} C$	Seltufrávik Sal. dev. 0-200 m $\Delta S^{\circ}/_{\infty}$	Frumframleiðni Prim. prod. 10 m $mg C m^{-3} klst^{-1}$	Átumagn Zoopl. vol. 50-0 m $ml/21 m^3$	Strandstraumur sem þykkt ferskvatns m Coast. curr. index
1952	0.921	0.277	-	-	-
1953	1.154	0.117	-	-	-
1954	1.916	0.255	-	-	-
1955	1.902	0.260	-	-	-
1956	1.566	0.073	-	-	0.491
1957	1.424	0.225	-	-	-
1958	0.256	0.098	6.8	2	0.237
1959	1.882	0.263	2.3	7	0.515
1960	2.050	0.320	-	-	-
1961	1.698	0.346	2.3	22	0.738
1962	1.007	0.311	4.3	24	-
1963	-0.081	0.079	2.5	7	-
1964	1.916	0.245	8.3	15	0.880
1965	0.084	-0.236	0.3	3	0.254
1966	-0.195	0.145	1.0	2	-
1967	-2.122	-0.172	2.4	1	0.235
1968	-0.730	-0.223	1.6	5	-
1969	-1.588	-0.355	0.3	2	-
1970	-0.992	-0.232	0.4	4	0.549
1971	-1.757	-0.133	0.8	9	0.875
1972	0.683	0.077	8.2	5	0.836
1973	1.124	0.134	1.1	4	1.501
1974	1.137	0.158	7.6	2	1.230
1975	-1.100	-0.129	0.4	4	0.365
1976	0.295	0.042	6.4	6	1.395
1977	-0.109	-0.123	1.3	16	0.632
1978	0.755	0.034	6.7	8	0.549
